



SKOÐUN Utanríkisstefnu sleikjuskapar við harðstjórnir verður að linna, skrifar Pawel Bartoszek. **17**



LÍFIÐ Fullorðinsballett nýtur mikilla vinsælda hérlandis en Guðbjörg Björgvinsdóttir kennir. **30**



SPORT Frank Aron Booker, sem á íslenska móður, ætlar sér að komast í NBA-deildina í körfubolta. **34**



Whirlpool

PVOTTAVÉLAR

Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur

21. febrúar 2014
44. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

LÍFIÐ



Upphaflegi hringurinn búinn til úr afgöngum

Steinninn Vala Sigfúsdóttir rekur handverks- og framleiðslufyrirtækið Hring eftir hring. Í forsíðuvíðtali í Lífinu segist hún vera lánsöm að hafa fylgt hjartanu og starfa nú við það sem hún hefur unun af, að skapa. Lífið ræddi við hana um fyrirtækið sem er í stöðugri þróun og annasamt líf með stóra fjölskyldu.

FRÉTTIR

9,2 milljarðar í arð

Stjórn Íslandsbanka leggur til að 9,2 milljarðar verði greiddir út í arð. **6**

Margir vildu hlut Kerecis Nýsköpunarfyrirtækið tryggði sér 230 milljóna hlutabréfaaukningu, sem verður varið í þróunar- og markaðsstarf. **2**

Vilja skipta um félag Hluti framhaldsskólakennara segist vilja ganga úr KÍ og í BHM. **8**



Bolungarvík	0°	☁	NA15
Akureyri	0°	☁	NA10
Egilsstaðir	0°	☁	NA10
Kirkjubæjarkl.	4°	☁	NA13
Reykjavík	3°	☁	NA13

VÍÐA HVASST Norðaustan 10-15 m/s en 15-20 m/s NV-til og við SA-ströndina. Slydda eða snjócoma eystra en él fyrir norðan. Hiti um frostmark en að 5 stigum syðst. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk



Hinsegin fólk mætir áreitni í miðbænum

Tveir ungir menn segjast hafa fundið persónulega fyrir fordómum gegn hinsegin fólk. Annar varð fyrir líkamsárás í biðröð á salerni á skemmtistað og hinn segist forðast að fara of neðarlega á Laugarveginn þegar hann fer í bæinn að skemmta sér.

VELFERÐARMÁL Hinsegin fólk hér á landi mætir miklum fordómum í daglegu lífi. Framhaldsskólanemar úr þeim hópi segjast ekki vera öruggir í miðbæ Reykjavíkur eftir myrkur.

Örn Danival Kristjánsson, varaformaður Trans-Íslands, segir líkamsárás vera alvarlegasta atvikið sem hann hefur lent í. Árásarmennirnir veittust að honum fyrir þær sakir að hann notaði karlklósett á skemmtistað.

„Í leigubílnum á leiðinni heim var ég í svo miklu uppnámi að ég sagði leigubílstjóranum frá því sem hafði gerst, en þá byrjaði hann með fordóma. Þá komst ég í enn meira uppnám,“ segir Örn, sem hefur ekki hætt sér á almenningsalerni frá því að atvikið varð fyrir tveimur árum.

Einar Valur Einarsson segist

einnig kannast vel við áreitni í miðbænum.

„Það gerist aðallega á djammínu. Maður þarf að forðast að labba of neðarlega á Laugarvegnum, þar lendir maður alltaf í einhverju,“ segir hann og bætir því við að þeir sem beri það með sér að vera samkynhneigðir lendi frekar í atvikum sem þessum.

Í nýlegri könnun á vegum Samtakanna '78 sem Fréttablaðið sagði frá í vikunni, kom í ljós að mikill meirihluti hinsegin fólks segist upplifa fordómafulla hegðun í sinn garð.

- eb / sjá síðu 4.

→ Ofbeldisseggir „reyna að vera kúl“

Einar og Örn segja þá sem beita ofbeldi oftast vera á svipuðum aldri og fórnarlömbin.

„Vanalega eru þetta strákar sem vilja sýnast karlmannlegri. Þeir eru að sýna sig hver fyrir öðrum og reyna að vera kúl,“ segir Einar.

Hann bendir þó fólk sem upplifir fordóma á að leita til Samtakanna '78 og þiggja ráðgjöf. „Verið sterk, þið eruð ekki ein,“ segir hann að lokum.



ÖRN DANIVAL KRISTJÁNSSON

EINAR VALUR EINARSSON



HÆTTULEGAR AÐSTÆÐUR Spenna hefur verið tekin af Bolungarlínu 1 sem liggur mjög nærri jörðu. Deildarstjóri netreksturs hjá Landsneti brýnir fyrir útivistarfólki og öðrum sem gætu verið á ferðinni að sýna aðgæslu. MYND/LANDSNET

Landsnet varar vegfarendur við aðstæðum á norðanverðum Vestfjörðum: Háspennulínur sligaðar af snjó

SAMGÖNGUR Varhugaverðar aðstæður hafa myndast á Vestfjörðum þar sem snjór og ísing hafa lagst á háspennulínur með þeim afleiðingum að sums staðar er hættulega stutt upp í þær. Guðlaugur Sigurgeirsson, deildarstjóri netreksturs hjá Landsneti, brýnir fyrir útivistarfólki og öðrum sem gætu verið á ferðinni að sýna aðgæslu. „Fyrir þá sem eru á ferð er þetta stórhættulegt,“ segir Guðlaugur og bendir á að fólk á skíðum og

vélsleðum geti hæglega rekist á línur og staura. „Línurnar eru mun lægri en venjulega og fólk gæti lent í því að sjá þær ekki.“

Enn er spennan á öllum línunum á norðanverðum Vestfjörðum nema á Bolungarvíkurlínu 1, sem tengir Breiðadal og Bolungarvík, en hún liggur of nálægt jörðu. Jarðstrengur til Bolungarvíkur sér bænum fyrir rafmagni í millitíðinni.

Guðlaugur segir að ísing utan á línunum sé sums staðar allt að 20 sentimetrar í þvermál og

20 sentimetra breið ísing er sums staðar utan um háspennulínur á vestfjörðum

þyngslum sem liggja á einangrunarkeðjum milli staura megi líkja við jeppa.

„Við venjulegar aðstæður hanga kannski 200 kíló á þeim,“ segir Guðlaugur. „Við þetta veður getur sú þyngd tífaldast, orðið tvö og hálf tonn.“ - bá



KÓRINN Stærsta áskorunin vegna tónleikanna er aðgengið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tónleikar Justins Timberlake: Þröngt aðgengi að Kórnum

TÓNLIST Ísleifur B. Þórhallsson, skipuleggjandi tónleika Justins Timberlake á Íslandi í ágúst, segir að aðgengið að tónleikastaðnum Kórnum hafi verið höfuðverkur í upphafi. Búið er við sextán þúsund tónleikagestum.

„Við höfum lagt mjög mikinn tíma í þetta og nú þegar þó nokkra fjármuni í samráði við bæjaryfirvöld. Það er búið að koma með mjög góðar lausnir,“ segir Ísleifur um aðgengið. Umferðarverkfræðingar skrifuðu langa skýrslu um hvernig best væri að haga aðgenginu, auk þess sem um tvö hundruð manns munu starfa við gæslu og umferðarstjórn.

- fb / sjá síðu 33.

Lögreglumaður á Alþingi: Fíkniefnastefna á villigötum

ALÞINGI „Refsingin virðist ekki virka. Ungir fíkniefnaneytendur eru ekkert að hætta þó lögreglan stoppi þá.“

Þetta segir Vilhjálmur Árnason þingmaðurur sem er einn flutningsmanna þingsályktunartillögu Pírata um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum fíkniefna. Vilhjálmur, sem er fyrrverandi lögreglumaður, segir núverandi refsistefnu á villigötum.

„Ég á ekki von á því að hún verði aflögð núna í vor, en ég á von á því að nú verði fólk tilbúið að ræða málin af skynsemi.“ - bá



VILHJÁLMUR ÁRNASON

Sushi allan sólarhringinn!



Iceland

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

SPURNING DAGSINS



Bjarni, er leigufélagið klettur í lífi leigjenda?

Já, það er okkar bjargfasta trú.

Leigufélagið Klettur keypti 517 íbúðir af íbúðalánasjóði, sem munu fara í lang-tímaleigu, og geta leigjendur gert ráð fyrir að hafa húsnæðið til afnota í lengri tíma en áður hefur þekkt.

Félag atvinnurekenda vill draga ákvörðun atvinnuvegaráðuneytisins til baka: Höfnun á beiðni Haga ólögsmæt

VIÐSKIPTI Höfnun atvinnuvegaráðuneytisins á beiðni Haga um gjaldlausan innflutning á ákveðnum ostum og lífrænum kjúklingi er ólögsmæt, að mati Félags atvinnurekenda. Félagið hyggst fara fram á að ákvörðun ráðuneytisins verði dregin til baka. Þetta kemur fram í tilkynningu félagsins frá því í gær.

Þar segir að samkvæmt búvörulögum sé ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara skylt að senda tillögur sínar til ákveðinna aðila sem geta veitt

sérfræðiráðgjöf. Þessir aðilar eru Bændasamtök Íslands, Samtök verslunar og þjónustu, Neytendasamtökin og Félag atvinnurekenda. Þeir hafi þá tíma til að bregðast við og koma til skila upplýsingum áður en tillögurnar eru sendar til ráðherra.

Félagið segir umsókn Haga ekki hafa borist til sín áður en henni var hafnað. Því eigi að draga þá ákvörðun ráðuneytisins til baka og senda málið lögbundnu álitsgjöfunum til umsagnar. - b4



ATVINNUREKENDUR ÓSÁTTIR í tilkynningu segir Almar Guðmundsson meðferð málsins á skjön við ákvæði laganna. - b4

Kynntu uppgjör í New York: Besta afkoma Actavis til þessa

VIÐSKIPTI Tekjur Actavis á síðasta ári jukust um 47 prósent frá 2012, í 8,7 milljarða dala, eða sem svarar tæpum 989 milljörum króna. Félagið birti uppgjör í Kauphöllinni í New York í gær. Hagnaður á hlut, án tillits til óreglulegra liða, er sagður hafa aukist um 58 prósent milli ára.

Í tilkynningu er afkoma félagsins sögð sú besta í sögu þess. „Hápunktur síðasta árs voru kaup félagsins á írsku lyfjafyrirtækinu Warner Chilcott,“ segir þar. - ók4



ALDRAÐAR SYSTUR HITTUST Tár féllu þegar þær Lee Jong-Sil frá Norður-Kóreu og Lee Yong-Sil frá Suður-Kóreu hittust eftir áratuga aðskilnað. - b4

Tilfinningaþrungin stund á mörkum Suður- og N-Kóreu:

Hittust eftir áratuga aðskilnað

SUÐUR-KÓREA, AP Tugir aldraðra íbúa Norður- og Suður-Kóreu hittust í gær á ferðamannastað við rætur Kungang-fjalls á landamærum ríkjanna.

Þetta urðu tilfinningaþrungin fundir því íbúar ríkjanna hafa verið aðskildir í sex áratugi og engir fengu að hittast í meira en þrjú ár.

Þeir munu þó dvelja þarna í nokkra daga og fá tækifæri til að rifja upp minningar og segja frá því sem á daga þeirra hefur drifið.

Minnstu munaði að Norður-Kóreustjórn hætti við að leyfa fólkinu að hittast.

Að þessu sinni mættu um 80 manns frá Suður-Kóreu og reiknað var með um 180 manns frá Norður-Kóreu. Enginn þeirra hefur áður fengið að taka þátt í endurfundum af þessu tagi. - gb

Hafði eftirlit með hrossum:

Ekki sekur um illa meðferð

DÝRAHALD Eftirlitsmaður á sviði dýrahalds, sem var ráðinn til starfa hjá Matvælastofnun, hefur ekki gerst sekur um vanrækslu eða illa meðferð hrossa.

Þetta er niðurstaða álitsgerðar þriggja óháðra sérfræðinga. Stofnunin hefur því ákveðið að starfsmaðurinn komi aftur til starfa, að því er kemur fram í tilkynningu.

Í lok janúar ákvað Matvælastofnun í samráði við nýráðinn dýraeftirlitsmann að eftirlitsmaðurinn viki tímabundið úr starfi á meðan fram færi skoðun á þeim ásökunum að hann hafi ekki gætt að eðlilegum starfsháttum við eftirlit með stóðhestahólfum sem hann hafði umsjón með. - fb

Tillaga Ríkissáttasemjara:

Sjö stéttarfélag skrifuðu undir

KJARAMÁL Sjö verkalyðsfélög skrifuðu í gærkvöldi undir sátta-tillögu ríkissáttasemjara í kjaramáli Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins. Tillagan fer fyrir atkvæðagreiðslu og mun endanleg niðurstaða liggja fyrir hinn 7. mars.

Félögin sem skrifuðu undir eru Verkalyðsfélag Grindavíkur, Verkalyðsfélag Snæfellinga, Aldan, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Báran stéttarfélag og Eining-Iðja. Drífa stéttarfélag skrifaði ekki undir tillöguna.

Flóabandalagið fundar með ríkissáttasemjara í dag og mun þá greina frá því hvort það samþykkir tillöguna eða ekki. - fb

Færri fengu en vildu kaupa hlut í Kerecis

Kerecis á Ísafirði hefur lokið 230 milljóna króna hlutafjárukningu fyrirtækisins. Tveir nýir fjárfestar koma að fyrirtækinu en núverandi fjárfestar bættu allir við sinn hlut. Fénu verður varið til þróunar nýrrar tækni og markaðsstarfs.

NÝSKÖPUN Nýsköpunarfyrirtækið Kerecis, sem er með höfuðstöðvar á Ísafirði, hefur tryggt 230 milljóna króna hlutafjárukningu til að halda áfram þróun á lækningavörum sínum. Allir núverandi fjárfestar fyrirtækisins auka sinn hlut, auk tveggja nýrra fjárfesta sem koma að fyrirtækinu.



GUÐMUNDUR F. SIGURJÓNSSON

Sigurjónsson, stjórnarformaður Kerecis. „Ég er sérstaklega ánægður með þennan árangur í ljósi þess hversu ungt félagið er.“

Guðmundur segir að fjármunirnir sem nú eru í hendi verði nýttir til að halda áfram þróun á stöðefnum sem ætluð er til notkunar við kvíðsliti, endursköpunar á brjóstum eftir brottnámi vegna krabbameins, og heilabasts, en það er efnið á milli höfuðkúpu og heilans sem getur rofnað vegna slysa og krabbameins. Eins verður nýtt hlutafjár notað til að halda áfram markaðssetningu á MariGen Omega3-vörunni, sem er stöðefni til meðhöndlunar á þrálátum sárum sem eru alvarlegt heilbrigðisvandamál um allan heim.


Kerecis tryggði sér markaðsleyfi í Bandaríkjunum fyrir MariGen Omega3-sáravörur sínar síðasta haust. Það var að sögn Guðmundar mikilvægt skref fyrir fyrirtækið, en Bandaríkin eru stærsti markaður heims fyrir vörur fyrirtækisins

og veltir 900 milljónum dala á ári – og er í örum vexti.

Fyrirtækið fékk einnig markaðsleyfi í Evrópu í fyrra og er sala þegar hafin á Íslandi og Bretlandi í kjölfar þess, ásamt nokkrum löndum í Mið-Austurlöndum. Sala á öðrum mörkuðum er í burðarliðnum auk þess sem Kerecis vinnur að öflun markaðsleyfa annars staðar í heiminum, til dæmis í Kína og á Indlandi. svavar@frettabladid.is

MEÐHÖNDLUN Á PRÁLÁTUM SÁRUM

- MariGen Omega3 er þorskröð sem fellur til hjá sjávarútvegsfyrirtækjum á Vestfjörðum og meðhöndlað hefur verið þannig að allar frumur og ofnæmisvaldandi efni hafa verið fjarlægð úr roðinu.
- Fyrir á markaðnum eru stöðefni sem unnin eru úr húð, þvagblöðrum, þörmum og gollurhúsum svína, manna og nautgripa. Stöðefni úr fiski gefur því ákveðið forskot þar sem ekkert er um trúarlegar hindranir, eins og þegar um vörur úr svínavef er að ræða. Þá smitast ekki sjúkdómar úr fiskum í menn, ólíkt vefjum manna og dýra.



FRAMLEIÐSLA Aætlað er að vörur til að meðhöndla kvíðsliti og til endursköpunar á brjóstum eftir brottnámi fari á markað á næstu tveimur árum. MYND/KERECIS

→ Tveir nýir bætast í fjárfestahóp Kerecis

Fjárfestarnir sem koma nýir að Kerecis eru í fjárfestahópnum Capital ehf., sem er í eigu Sigurbjörns Þorkelssonar, fyrrverandi bankamanns og eins af eigendum Haga, og 1924 ehf., sem er meðal annars í eigu Haraldar Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Innness og stjórnarformanns Haugen Gruppen.

Fyrir í fjárfestahóp Kerecis voru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Omega3 ehf., sem er fjárfestingarsjóður tengdur Novator í Lundúnum, og vestfirsku sjávarútvegsfyrirtækin Klofningur og Hraðfrystihúsið–Gunnvör hf.

Umboðsmaður segir Innheimtustofnun viðhafa óvandaða stjórnsýsluhætti: Mega ekki hunsa greiðendurna

STJÓRNSÝSLA Innheimtustofnun sveitarfélaga sniðgengur meðlagsgreiðendur þegar hún krefur launagreiðendur þeirra um að halda eftir launum þeirra til greiðslu meðlagsskuldna, án þess að láta greiðendurna sjálfa vita.

Þetta kemur fram í áliti Umboðsmanns Alþingis sem tók málið upp vegna fjölda ábendinga meðlagsgreiðenda.

Innheimtustofnun hefur heimild til þess í lögum að beina kröfu til launagreiðanda „barnsföður“ um að halda eftir hluta af kaupum hans til greiðslu meðlagsskuldna.

Þetta gerir stofnunin hins vegar að meðlagsgreiðanda forspurdum og tilkynnir honum ekki sérstaklega um samskipti sín við launagreiðanda eða að hún hyggist yfirhöfuð innheimta með þess-

um hætti. Þetta telur Umboðsmaður til marks um óvandaða stjórnsýslu. Í áliti segir að það geti haft „verulega þýðingu fyrir hagsmuni launþega hvort þessu úrræði væri beitt í máli hans enda kynni það að leiða til þess að útgreidd mánaðarlaun hans og þar með framfærslueyrir skertist“.

Auk þessa segir Umboðsmaður skorta á upplýsingagjöf stofnunarinnar almennt við meðlagsgreiðendur, svo sem ef greiðsla launagreiðanda fyrir hönd meðlagsgreiðanda hafi ekki borist.

Í áliti kemur til dæmis fram að í einu tilfelli hafi meðlagsgreiðandi ekki fengið neinar upplýsingar um greiðslustöðu sína síðan árið 2003.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA Umboðsmaður segir Innheimtustofnun þurfa að bæta upplýsingagjöf sína. - js

HLJÓMSVEIT GEIRMUNDAR VALTYSSONAR

UM HELGINA

fös. 21. feb. og lau. 22 feb. kl.23-03

Kringlúkráin
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík

Sími 568 0878
kringlukrain@kringlukrain.is
www.kringlukrain.is

KRINGLÚKRÁIN
Stofnun
1. MAÍ 1959

Afsláttur: 700.000



HÖLDUR Akureyri

Audi A4 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 37.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.690.000

KJARAKAUP: 4.990.000

Afsláttur: 1.000.000



HÖLDUR Akureyri

MM Pajero 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 39.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.990.000

KJARAKAUP: 7.990.000

Afsláttur: 500.000



HÖLDUR Akureyri

Honda CR-V executive
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 39.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.790.000

KJARAKAUP: 4.290.000

Afsláttur: 500.000

VW Passat Alltrack 4motion

Árgerð 2012, dísil
Ekinn 33.000 km,
sjálfskiptur
Ásett verð:
5.890.000

KJARAKAUP:
5.390.000

HEKLA Laugavegi



Afsláttur: 800.000



HEKLA Laugavegi

Nissan Patrol 3000 Luxury
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 102.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000

KJARAKAUP: 3.190.000

Afsláttur: 250.000



HEKLA Laugavegi

Renault Megane II Saloon
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 178.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 640.000

KJARAKAUP: 390.000

Afsláttur: 400.000



HEKLA Laugavegi

Toyota Corolla 1600 Sol
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 142.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.690.000

KJARAKAUP: 1.290.000

Afsláttur: 400.000



HEKLA Laugavegi

Toyota RAV4 GX plus
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.770.000

KJARAKAUP: 5.390.000

Afsláttur: 400.000



HEKLUSALURINN Ísafirði

Kia Sportage II CRDI
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 88.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.390.000

KJARAKAUP: 1.990.000

Afsláttur: 700.000



HEKLA Laugavegi

VW Touareg V6 3.2
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 198.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.990.000

KJARAKAUP: 1.290.000

Afsláttur: 600.000

VW Tiguan Track&Style 2,0TDI

Árgerð 2012, dísil
Ekinn 36.000 km,
sjálfskiptur
Ásett verð: 5.890.000

KJARAKAUP:
5.290.000



HEKLA Laugavegi

Afsláttur: 570.000



HEKLA Reykjanesbæ

Renault Megane
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 95.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.560.000

KJARAKAUP: 990.000

Afsláttur: 600.000



HEKLA Reykjanesbæ

Toyota Land Cruiser 120 GX
Árgerð 2005, dísil
Ekinn 197.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.190.000

KJARAKAUP: 3.590.000

KJARAKAUP

Úrval notaðra bíla á einstöku verði

HEKLA býður einstök kjör á völdum notuðum bílum út febrúar, eða á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá. Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174 og hjá umboðsmönnum HEKLU á landsbyggðinni. Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

Afsláttur: 500.000



Bílasala Selfoss

MM Pajero 3.2 Intense +
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.890.000

KJARAKAUP: 4.390.000

Afsláttur: 1.500.000



Bílasala Selfoss

M. Benz E280 CDI
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 211.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.990.000

KJARAKAUP: 3.490.000

Afsláttur: 600.000



BÍLÁS Akranesi

MM Pajero GLS 33"
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 123.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.490.000

KJARAKAUP: 1.890.000

Kíkið inn á: heklanotadirbilar.is

HEKLA NOTAÐIR
BÍLAR

Laugavegi 174 | Sími 590 5040

Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

SVONA ERUM VIÐ



300 tegundir steinda, eða þar um bil, hafa fundist á Íslandi.

Meira en 4.000 tegundir steinda eru þekktar í heiminum öllum.

Ef einhver steinn er merkisberi Íslands í heimi steinda er það silfurberg, tært afbrigði af kristölluðum kalksteini og er mjög fágætt utan Íslands.

Bóndi í Berjanesi við Holtsós gagnrýnir sveitarstjórn vegna lengingar varnargarðs við Markarfljót: Segir annað ráða för en líf og limi íbúa

UMHVERFISMÁL „Mann grunar að allt þetta ferli sé undirlægjuháttur við utanaðkomandi yfirvöld,“ segir Vigfús Andrússon í Berjanesi austan Holtsóss um fyrirhugaða lengingu varnargarðs vestan Markarfljóts.

Vigfús er einn þeirra íbúa austan Markarfljóts sem mótmælt hafa áformaðri 250 metra lengingu varnargarðsins. Beina á fljótinu lengra til austurs til að freista þess að minnka sandburð í Landeyjahöfn svo halda megi höfninni

oftar opinni fyrir farþegasiglingar til og frá Vestmannaeyjum. Vigfús gagnrýnir að sveitarstjórn Rangárbings eystra kalli röksemdir og ótta íbúanna misskilning.

„Það sem íbúarnir vilja, ekki síst þeir sem eiga heimili og lönd að fljótinu, er að sveitarstjórnin segi það skýrt og skorinort að því aðeins verði leyft að lengja þessa leiðarða ef varnargarður að austanverðu verður byggður að minnsta kosti jafnhliða,“ segir Vigfús sem undirstrikar að menn


óttist um lönd sín og mannvirki ef Markarfljót flæðir til austurs inn í Holtsós.

„Afleiðingarnar gætu orðið geigvænlegar. En kannski veiga líf og limir íbúanna austan Markarfljóts minna en aðrir hagsmunir. Það er ljótt að segja þetta, en hvað á manni að detta í hug? Það er enginn Eyfellingur á móti því að samgöngur batni til Eyja en röng staðsetning hafnarinnar er rót þessa vanda,“ segir Vigfús Andrússon.



MARKARFLJÓT Íbúar austan fljótsins vilja líka fá varnargarð ef lengja á varnargarð á vesturbakkanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



NEYÐARLENDING Potan lenti í Keflavík með veikan farþega. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Pota frá British Airways:

Veikur farþegi skilinn eftir til aðhlynnningar

FLUG Pota frá British Airways á leiðinni frá London til Los Angeles lenti á Keflavíkurflugvelli á átunda tímanum í gær vegna veikinda farþega.

Vélin er af gerðinni Airbus A380, sem er stærsta farþegaflugvél heims.

Að sögn lögreglu reyndist ástand konunnar sem um ræðir ekki eins alvarlegt og óttast var í fyrstu en hún var flutt til skoðunar á Landspítalann.

Maður konunnar og sonur urðu eftir hér á landi, en vélin hélt ferðinni áfram á tíunda tímanum. - þj

Flensan breiðir hratt úr sér:

Fleiri greinast með influensu

HEILBRIGÐISMÁL Fjöldi þeirra sem greinast með influensu fer nú hratt vaxandi. Alls hafa 52 tilfelli greinst undanfarnar vikur.

Þetta kemur fram á vef landlæknis. Þar segir að veikin sé seinna á ferðinni nú í vetur en síðastliðin þrjú ár og hafi farið hægt af stað. Hún virðist hins vegar breiðast ört út um þessar mundir en í síðustu viku greindust sautján með influensu.

Embætti landlæknis minnir á að hægt er að minnka líkur á því að fá influensu eða smita aðra til dæmis með bólusetningu eða því að þvo sér oft um hendurnar. - bá

Hinsegin fólki ekki óhætt í miðborginni eftir myrkur

Ný könnun leiðir í ljós að hinsegin fólk upplifir mikla fordóma. Tveir framhaldsskólanemar segja áreitnina sérstaklega mikla á skemmtistöðum, en finnast alls staðar. Þeir sem bera það með sér að vera hinsegin eiga frekar á hættu að vera áreitir. Stöðug ógn um að mæta fordómum og áreitni hefur áhrif á líf þeirra beggja.

VELFERÐARMÁL „Það alvarlegasta sem ég hef lent í var að vera laminn. Það var áður en ég hóf hormónaferðina,“ segir Örn Danival Kristjánsson, framhaldsskólanemi og varaformaður Trans-Íslands. Tilefnið var að hann notaði karlaklósett á skemmtistað, sem ofbeldismennirnir sögðu hann ekki eiga rétt á.

Í könnun sem Samtökin '78 létu gera og sagt var frá í Fréttablaðinu í vikunni kom í ljós að mikill meirihluti hinsegin fólks mætir fordómum í daglegu lífi.

„Ég var í röð á leið á klósettið og einhverjir voru að böggja mig á meðan. Síðar þegar ég kom út af skemmtistaðnum beið sami hópur stráka og var með stæla. Það endaði með því að einn þeirra kýldi mig niður og annar sparkaði í mig,“ segir Örn, en þar með var ofbeldinu ekki lokið.

„Í leigubílnum á leiðinni heim var ég í svo miklu uppnámi að ég sagði leigubílstjóranum frá því sem hafði gerst, en þá byrjaði hann með fordóma. Hann sagði mér að mamma hans ynni á sjúkrahúsi í Svíþjóð og hann væri sammála henni um að transfólk væri geðsjúklingar. Þá komst ég í enn meira uppnám,“ segir hann.

Örn leitaði sér ekki aðstoðar, hvorki hjá bráðadeild né lögreglunni. Hann segist hafa verið hræddur við ofbeldismennina og taldi að afskipti lögreglu gætu haft frekari afleiðingar í för með sér.

„Vanalega eru þetta strákar sem vilja sýnast karlmannlegri. Þeir eru að sýna sig hver fyrir öðrum og reyna að vera kúl

Einar Valur Einarsson

Atvikið hafði skýrar afleiðingar fyrir Örn.

„Nú eru komin tvö ár síðan og ég nota ekki ennþá almenningssalerni. Fólk efast ekki um að ég sé karlmaður í dag, en þetta situr svo í mér að ég get það ekki,“ útskýrir Örn og viðurkennir að það geti verið afar óþægilegt eftir heilan dag í skólanum.

Einar Valur Einarsson kannast vel við áreitni á skemmtistöðum bæjarins.

„Það gerist aðallega á djammínu. Maður þarf að forðast að labba of neðarlega á Laugaveginum, þar lendir maður alltaf í einhverju,“ segir hann.

Einar segir þá sem bera það með sér að vera samkynhneigðir lenda frekar í atvikum sem þessum. „Hommar sem eru með meira bein í nefinu, sem sýna með líkamstjástingu að þeir eru sterkir, lenda síður í þessu,“ segir Einar og segist þekkja strák sem hafi verið laminn af fimm fullorðnum körlum fyrir það eitt að líta út fyrir að vera samkynhneigður.

Einar og Örn segja þá sem beita ofbeldi oftast vera jafnaldra stráka.

„Vanalega eru þetta strákar



MÆTA FORDÓMUM Af ótta við áreitni fara Einar og Örn ekki of neðarlega á Laugaveginum þegar þeir skemmta sér í miðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sem vilja sýnast karlmannlegri. Þeir eru að sýna sig hver fyrir öðrum og reyna að vera kúl,“ segir Einar.

Þeir segja hins vegar alls kyns fólk sýna fordóma með orðum eða athöfnum. Þá séu fordómar ekki bundnir við gagnkynhneigða.

„Það eru líka fordómar gagn-


vart transfólki innan Samtakanna '78. Sumum finnst transfólk ekki eiga þar heima,“ útskýrir Örn.

Hann bendir þó fólk sem upplifir fordóma á að leita til samtakanna og þiggja ráðgjöf. „Verið sterk, þið eruð ekki ein,“ segir hann að lokum.

eva@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HELGARVEÐRIÐ Það dregur talsvert úr vindi á landinu til morguns en síst þó á Vestfjörðum. Skýjað og snjökoma með köflum um norðan- og austanvert landið en léttir smám saman til sunnan- og suðvestantil með líkur á norðurljósasýningu.

Alicante 20°	Billund 8°	Gautaborg 6°	London 10°	Orlando 27°	San Francisco 16°
Basel 10°	Frankfurt 12°	Kaupmannahöfn 6°	Mallorca 20°	Ósló 3°	Stokkhólmur 3°
Berlín 8°	Friedrichshafen 7°	Las Palmas 20°	New York 11°	París 10°	

Sunnudagur
10-18 m/s NV-til og við SA-ströndina.

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður



Skrifstofur Ölgerðarinnar eru lokaðar frá kl. 12 í dag, 21. febrúar, vegna útfarar Ólafs Kr. Guðmundssonar framkvæmdastjóra.



Grjóthálsi 7-11 110 Reykjavík
Sími 412 80 00 Fax 412 80 01
olgerdin@olgerdin.is www.olgerdin.is

Þitt heimili þín stund

4200 ljós
Verð frá 94.900 kr.



Catifa hægindastóll
Verð frá 269.900 kr.



M-sófi
Verð frá 229.900 kr.

Eclipse sófaborð
Verð frá 29.900 kr.



Patchwork gólfmotta
Sniðin eftir máli. Verð pr. fm 85.900 kr.

Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópski hönnun. Úrvalið einkennist af fallegri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.

PEARL/BIWA - SÍA



Omaggio vasi / Verð frá 3.890 kr.



Lalinde sófaborð / Verð frá 44.900 kr.



Wave stóll / Verð frá 169.900 kr.



Miho hreindýr / Verð frá 5.500 kr.



MARGIR
LITIR

Cucu klukka 33 sm / 12.900 kr.

TILBOÐ



Nido hægindastóll / Ullaráklæði verð frá 169.900 kr., leðuráklæði verð frá 239.900 kr.

Kynningarverð til 01.06.2014

MÓDERN

VEISTU SVARID?



1. Hvaða leikrit Þjóðleikhússins verður í beinni útsendingu á RÚV?
2. Hvað fá margir hælisleitendur þjónustu hjá Reykjavíkurborg?
3. Hvaða íslensku stíla var boðið að starfa á sýningu Kenzo?

SVÖR:

1. Englar alheimsins.
2. Fimm tíu.
3. Hildur Halldóru Tryggvadóttur.

Píratar velja frambjóðendur til borgarstjórnarkosninga rafrænt á netinu:

Tveir berjast um fyrsta sætið

BORGARMÁL Framboðslistakosningar vegna borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík standa yfir hjá Pírötum. Hægt er að taka þátt í prófkjörinu þangað til í lok dags þann 22. febrúar. Úrslit verða tilkynnt daginn eftir.

Tveir vilja fyrsta sætið, þeir Þórgnýr Thoroddsen og Halldór Auðar Svansson. Tvær konur bjóða sig fram í fyrsta til annað sætið, þær eru Arndís Einarisdóttir og Þórlaug Ágústsdóttir.

Samkvæmt lögum Pírata í

Reykjavík hafa þeir kosningarétt sem höfðu verið skráðir 23. janúar síðastliðinn eða fyrr, hvort sem er í Pírata í Reykjavík eða móðurfélagið.

Kosningin er rafræn. Raðað er eftir sætum sem frambjóðendur segjast falast eftir. Röðun kjósenda á lista er ekki endanleg fyrr en kosningu lýkur. Fram til þess tíma geta kjósendur alltaf endurraðað eins og þeim sýnist, það er ef þeim snýst hugur um hvernig þeir vilja hafa listann.



UNDIRBÚA FRAMBOD Píratar eru þessa dagana að velja á framboðslista í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Innflytjendur í Svíþjóð: Styðja Svíþjóðardemókrata

SVÍÞJÓÐ Sífellt fleiri karlar fæddir utan Svíþjóðar aðhyllast stefnu Svíþjóðardemókratanna. Niðurstöður nýrrar könnunar sænsku hagstofunnar sýna að 7,3 prósent þeirra fylgja flokknum. Svíþjóðardemókratar vilja draga úr strámi innflytjenda um 90 prósent.

Sænska ríkisútvarpið hefur það eftir manni af frönskum uppruna að þótt hann sé innflytjandi þýði það ekki að hann vilji fleiri innflytjendur til Svíþjóðar.

Stjórnin leggur til 9,2 milljarða arðgreiðslu

Íslandsbanki hagnaðist um 23,1 milljarð króna á síðasta ári. Hagnaður dregst saman um 1,5 prósent milli ára. Laun bankastjóra Íslandsbanka hækkuðu um 15,6 prósent milli 2012 og 2013. Greiðslur til sjö framkvæmdastjóra jukust um 5,2 prósent.

VIÐSKIPTI Gangi tillaga stjórnar Íslandsbanka eftir verður 40 prósentum af riflega 23 milljarða hagnaði bankans á síðasta ári varið til greiðslu arðs til hluthafa. Þetta kemur fram í uppgjöri bankans sem birt var í gær.

Arðgreiðslan næmi þá tæplega 9.228 milljónum króna og rynni að stærstum hluta (8.766 milljónir króna) til þrotabús Glitnis banka, sem á 95 prósent í Íslandsbanka. Afgangurinn rynni til ríkisins sem á fimm prósent hlut, eða 461,4 milljónir króna.



BIRNA EINARSDÓTTIR Í uppgjöri koma einnig fram upplýsingar um launakjör stjórnar og æðstu stjórnenda. Arslau Birnu Einarisdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, fóru úr 31,5 milljónum króna í 36,4 milljónir milli 2012 og 2013. Hækkunin nemur 15,6 prósentum og samsvarar því að mánaðarlaun hafi farið úr rúmum 2,6 milljónum króna í rúmar 3 milljónir á mánuði. Hækkunin er hins vegar heldur meiri ef tekið er tillit til árangurstengdra greiðslna upp á 3,6 milljónir króna. Að launum Birnu meðtöldum nema launagreiðslurnar 40 milljónum króna og hækkuðu um 27 prósent milli ára.

Árið 2012 voru engar árangurstengdar greiðslur, hvorki til bankastjóra né til sjö framkvæmdastjóra bankans. Heildargreiðslur til þeirra fóru úr 171,7 milljónum 2012 í 198,9 milljónir 2013. Eru þá taldar með árangurstengdar greiðslur upp á

Auknar álögur sagðar draga úr hagnaði

Íslandsbanki hagnaðist um 23,1 milljarð króna á árinu 2013 samkvæmt uppgjöri sem birt var í gærmorgun. Afkoman er rétt undir afkomu fyrra árs, þegar hagnaðurinn nam 23,4 milljörðum. „Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 14,7 prósent á árinu samanborið við 17,2 prósent árið 2012,“ segir í uppgjörs-tilkynningu. Minni arðsemi er fyrst og fremst sögð skýrast af hækkun eigin fjár sem nemi 14,4 prósentum milli ára. „Skattar og gjöld greidd til ríkis og stofnana námu samtals 12,4 milljörðum króna á árinu, samanborið við 9,2 milljarða króna 2012, sem er hækkun um 34 prósent á milli ára.“ Haft er eftir Birnu Einarisdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, að 2013 hafi verið gott ár hjá bankanum. Auknar álögur á bankann dragi hins vegar úr hagnaði. Hún bendir á að greiddur hafi verið bankaskattur upp á 2,3 milljarða króna á árinu.

ÚR ÁRSUPPGJÖRI ÍSLANDBANKA FYRIR 2013*

Liður	2012	2013	Breyting
Vaxtatekjur	32.940	28.430	-13,7%
Rekstrarhagn.	47.649	42.597	-10,6%
Hagn. f. skatt	26.432	30.008	13,5%
Hagnaður	23.418	23.069	-1,5%
Eignir	823.375	866.009	5,2%

*Stærðir eru í milljónum króna.

18,2 milljónir króna og aukning milli ára nemur 15,8 prósentum.

Að árangurstengdu greiðslunum fráöldum er hlutfallsleg launagreiðsluaukning til framkvæmdastjóranna

5,2 prósent og laun þeirra voru að jafnaði tæpar 2,2 milljónir króna á mánuði í fyrra.

Fram kemur í uppgjöri að árangurstengdar launagreiðslur bankans byggja á reglum Fjármálaeftirlitsins, sem setji slíkum greiðslum þröngan ramma.

ollikr@frettabladid.is



Strætó stefnir að fleiri samningum við hótél um kaup á farmiðakortum:

Eini gallinn er sunnudagsakstur

SAMGÖNGUR Framhald verður á tilraunaverkefni þar sem hótélgestum gefst kostur á að nýta sér þjónustu Strætó bs. Í mars í fyrra sömdu Hilton Reykjavík Nordica og Reykjavík Natura við Strætó um kaup á farmiðakortum fyrir gesti sína.



INGÓLFUR HARALDSSON lagði hótelið af skulþjónustu. Nú segir Ingólfur þjónustuna aukna, enda hafi hótelið ekki getað boðið upp á þá tíðni ferða sem Strætó gerir. „Og gestir nýta sér þetta töluvert vel.“

Ingólfur segir kostnað hótélins vegna ferða gesta líkast til

svipaðan og áður. „En þetta er líka hluti af því að vinna eftir grænum stöðlum og vistvænum. Þar leika almenningssamgöngur hlutverk.“ Um leið batni nýting strætisvagna utan háannaferðatíma heimafélks.

Heilt yfir segir Ingólfur verkefnið hafa gefist vel, enda ferðafólk utan úr heimi alvant því að nýta almenningssamgöngur. Eina umkvörtunarefnið sé að strætó byrji ekki að ganga

fyrir en á hádegi á sunnudögum. „Og það held ég að hljóti að vera einsdæmi í almenningssamgöngum í heiminum,“ segir hann. „En þetta snýr náttúrliga að fleirum en gestum okkar, svo sem fólki sem mæta þarf í vinnu á sunnudögum.“

Kolbeinn Óttarsson Proppé, upplýsingafulltrúi Strætó, segir tilraunina hafa mælst vel fyrir. „Með vorinu ætlum við í aukna kynningu á þessu og fá fleiri hótél með,“ segir hann.

-óka



Andaðu með nefinu



- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus

Otrivin®

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhring og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snyttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan þúls, erfðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleikiþæningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurláru 12a, 210 Garðabæ.

100.000,- VINNINGUR
TAKTU ÞÁTT Í LÉTTUM LEIK UM GJAFAKORT

SPARAÐU
30%

Á 5 NÝJUM BORDPLÖTUM*

SPARAÐU
30%

Á VÖLDUM BAÐVÖSKUM**

SPARAÐU
40%

Á RENNIHURÐUM OG
FULLT AF INNRETTINGUM***

LINEA WHITE 470.715,-****

443.232,-

Kvik Reykjavík fagnar afmæli með fullt af góðum afmælistilboðum. Hátíðin hefst 21. febrúar og við höfum opið alla helgina. Líttu við og sjáðu öll frábæru tilboðin – og taktu jafnframt þátt í léttum leik um gjafakort að verðmæti 100.000,-

Kvik Reykjavík: Suðurlandsbraut 16, Sími 5880500

kvik 
allir eiga að geta eignast flott eldhús

*Tilboðið gildir við kaup á eldhúsinnréttingu og nær til 5 nýrra borðplötugerða (úr gegnheilum við: gráoliuborinn askur og gráoliuborin eik og plasthúðuð plötuféni: Nature Grey, Nature Dark og Nature Light) með köntum, forvinnu og vaski. Sendingarkostnaður og önnur þjónusta ekki innifalin. Tilboðið gildir t.o.m. 22.03.2014 og er ekki hægt að nýta samhliða öðrum tilboðum. **Sparaðu 30% á verðlistaverði valdra baðvaska. Tilboðið gildir við kaup á heillri baðinnréttingu t.o.m. 22.03.2014 og er ekki hægt að nýta samhliða öðrum tilboðum. ***Tilboðið gildir við kaup á rennihurðum í Kvik fataskápalínunni. Sendingarkostnaður, samsetning og uppsetning er ekki innifalin. Tilboðið gildir t.o.m. 22.03.2014 og er ekki hægt að nýta samhliða öðrum tilboðum. **** Leiðbeinandi útsöluverð er fyrir skápa, sökkla og borðplötu. Fyrir utan vask, blöndunartæki, heimilistæki og lýsingu.

24 ÁRA



Fylgstu með okkur á

STARFSAFMÆLI SEM FISKSAÐI

ALLUR FISKUR ÚR FISKBORÐI

1.590 Kr/kg

STÓRLÚÐA
LAXAFLÖK
ÞORSKHNAKKAR
BLEIKJUFLÖK
RAUDSPRETTUFLÖK
GELLUR
KEILUSTEIKUR
LÖNGUSTEIKUR
SALTFIÐUR
ÝSUFLÖK

**NÝ VERSLUN
HÖFÐABAKKI 1**

**VERIÐ
VELKOMIN**

OG ALLIR FISKRETTIR

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA VIKUNA

Fiskikóngurinn

www.fiskikongurinn.is

Sogavegi 3
Höfðabakka 1



Atvinnusýning í Borgarbyggð

**í Hjálmakletti (hús Menntaskóla Borgarfjarðar),
Borgarnesi laugardaginn 22. febrúar 2014.**

Í tengslum við sýninguna verður málstofa með yfirskriftinni:

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja.

Dagskrá

<p>Kl. 10:30 Kl. 10:35 Kl. 11:00 Kl. 11:25 Kl. 11:40 Kl. 12:00</p>	<p>Setning málstofu Rotary International Birna G Bjarnadóttir Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja Ketill Berg Magnússon Að reka fyrirtæki á landsbyggðinni Höskuldur Steinarsson Fjarðalax Umræður og fyrirspurnir Málstofuslit</p>
--	--



Opin atvinnusýning Kl. 12:30-17:00

Um 50 fyrirtæki og þjónustuaðilar í heimabyggð kynna starfsemi sína

Samstarfsaðilar:



Rótarýklúbbur Borgarness
Stofnaður 1952



RÆÐA STÖÐU SÍNA Framhaldsskólakennarar skoða þessa dagana innan hvaða heildarsamtaka þeim sé best borgið. Þessi mynd var tekin þegar kennarar mættu á þingpalla á dögunum til að hlýða á umræðu um kjör sín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hluti kennara vill ganga til liðs við BHM

Samkvæmt könnun sem gerð var meðal framhaldsskólakennara vill hópur þeirra ganga í BHM. Aðrir vilja breyta Kennarasambandinu. Nýkjörinn formaður segir kennara hafi lýst óánægju með þjónustu KÍ.

FÉLAGSMÁL „Við þurfum að skoða vandlega veru okkar innan Kennarasambandsins,“ segir Guðríður Arnardóttir, nýkjörinn formaður Félags framhaldsskólakennara.

Hún segist ekki hafa lúrt á þeirri skoðun sinni að framhaldsskólakennarar eigi helst samleið með félögum sínum í Bandalagi háskólanna.

„Framhaldsskólakennarar eru sérfræðingar sem miðla þekkingu sinni áfram,“ segir Guðríður.

Nýlega var gerð viðhorfskönnun meðal framhaldsskólakennara en ekki er búið að birta niðurstöður hennar opinberlega.

Guðríður segir að það, sem hafi komið sér mest á óvart þegar hún skoðaði niðurstöður könnunarinnar, sé hversu lítil þekking er á starfsemi Kennarasambandsins. Þá komi fram í könnuninni að þeir sem svara séu ekki ánægðir með þjónustu Kennarasambandsins. Guðríður segir að það verði að fara vel yfir þessar niðurstöður og taka mið af þeim.

Annað sem kom fram í könnun-

inni var að hluti framhaldsskólakennara vill ganga í BHM. Aðrir vildu ekki segja skilið við Kennarasambandið heldur lýstu þeirri skoðun sinni að sambandið ætti að hætta að starfa sem stéttarfélag en verða þess í stað regnhlífarsamtök fyrir öll stéttarfélög kennara.

Ekki var mikil þátttaka í viðhorfskönnuninni, eða innan við 50 prósent.

Guðríður segir að það breyti því ekki að taka verði mið af niðurstöðum könnunarinnar.

„Þeir taka þátt sem láta sig málið varða,“ segir hún.

Hanna Björg Vilhjálmadóttir, formaður stöðunefndar Félags framhaldsskólakennara, segir að margar skoðanir séu uppi.

„Eftir 14 ára veru í Kennarasambandinu er ekkert óeðlilegt við að menn líti um öxl og vegi og meti stöðu sína,“ segir Hanna Björg.

Hún segist ætla að kynna niðurstöður könnunarinnar á aðalfundi Félags framhaldsskólakennara í mars. johanna@frettabladid.is

Var rétt að stofna Kennarasambandið?

Innan Félags framhaldsskólakennara (FF) hefur verið umræða um hvort það hafi verið rétt ákvörðun að ganga úr Bandalagi háskólanna árið 1999 og stofna Kennarasamband Íslands (KÍ) ásamt sjö öðrum stéttarfélögum kennara. Stöðumatsnefnd kennara hefur reynt að leggja mat á hvernig framhaldsskólakennarum hefur vegnað í KÍ á þeim 14 árum sem liðin eru frá því að samtökin voru stofnuð. Spurningar sem reynt hefur verið að svara eru:

- Er eitthvert sambandi milli þeirra heildarsamtaka sem félagsmenn hafa verið aðilar að í gegnum tíðina og kjarapróunar þeirra?
- Koma lög og skipulag KÍ í veg fyrir að FF ráði sjálft eigin málum, kjarasamningum, skólamálum, innra starfi og félagsmálum?
- Hvaða spurningar myndu vakna ef FF myndi ákveða að segja skilið við KÍ.

Úr áfangaskýrslu stöðunefndar árið 2013.

Tillögur samþykktar:

Fatlaðir fá spjaldtölvur

MENNTUN Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt tillögur starfshóps um notkun tölvutækni í námi og kennslu mikið fatlaðra grunnskólanemenda.

Tillögurnar fela í sér að gerð verði áætlun til nokkurra ára um spjaldtölvuvæðingu nemenda og kennara í Klettaskóla og sérdeilda við grunnskóla. Stefnt verður að því að allir mikið fatlaðir nemendur hafi til afnota, innan þriggja ára, spjaldtölvu sem fylgi hverjum og einum. -fb

Tveir sekir í Hæstarétti:

Dæmdir fyrr manndráp

DÓMSMÁL Tveir karlmenn voru dæmdir í skilorðsbundið fangelsi í Hæstarétti í gær. BÍl-stjóri vörubífreiddar sem lenti í árekstri 27. desember 2010 var dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot.

Eigandi og stjórnandi fyrirtækisins sem átti vagninn var dæmdur fyrir hlutdeild í brotum vörubílstjórans og fékk tveggja mánaða skilorðsbundinn dóm.

-hrs

AÐALFUNDUR ÖSSURAR HF.

verður haldinn föstudaginn 14. mars 2014 kl. 9:00 að Grjóthálsi 5, Reykjavík.

A. DRÖG AÐ DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2013.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
4. Skýrsla stjórnar um starfskjör.
5. Ákvörðun um starfskjarastefnu félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir 2014.
7. Kosning stjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
10. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.
11. Önnur mál sem borin hafa verið löglega fram eða aðalfundur hefur samþykkt að taka til meðferðar.

Stjórn félagsins leggur til að aðalfundur samþykki endurskoðaðar samþykktir félagsins, sjá lið 9 á dagskránni. Þær eru byggðar á sama grunni og núverandi samþykktir, en hafa að geyma breytingar og viðbætur sem leiða aðallega af nýlegum breytingum á lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Helstu breytingatillögur:

- Staðfest að stjórn félagsins skuli tryggja að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma. (1. mgr. 7. gr.)
- Staðfest að hluthafafundur skuli vera boðaðir lengst fjórum vikum fyrir fund. (1. mgr. 14. gr.)
- Felld brott krafa um að fundarboð á hluthafafund skuli einnig birt í innlendum fjölmiðli. (2. mgr. 14. gr.)
- Útskýrt hvað sé átt við með skýrum og nákvæmum reglum um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. (3. mgr. 14. gr.)
- Tilgreint hvaða upplýsingar skuli vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins fyrir hluthafafundi. (1. mgr. 15. gr.)
- Staðfestur réttur hluthafa til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. (3. mgr. 15. gr.)
- Staðfestur réttur hluthafa til að sækja hluthafafund ásamt ráðgjafa og gefa ráðgjafanum orðið fyrir sína hönd. (2. mgr. 16. gr.)
- Felld brott ákvæði um að umboð verði ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu hluthafafundar. (2. mgr. 19. gr.)
- Staðfest að stjórn félagsins skuli gefa skýrslu um starfskjör á aðalfundi. (3. mgr. 20. gr.)
- Staðfest að stjórnarformaður setji hluthafafund og stjórn kosningu á fundarstjóra, og að fundarstjóri stjórn kosningu ritara fundarins. (1. mgr. 21. gr.)
- Atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skulu vera skriflegar efinhver fundarmanna krefst þess, nema fundarstjóri telji augljóst að það hafi ekki áhrif á úrslit atkvæðagreiðslunnar. (2. mgr. 21. gr.)
- Staðfest að í síðasta lagi tveimur vikum eftir hluthafafund skuli hluthafar eiga aðgang að fundargerð eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins. (3. mgr. 21. gr.)
- Lagt til að stjórn félagsins sé skipuð fimm einstaklingum. Ákvæðum bætt við til að tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé a.m.k. 40%. Stjórnarkjör og skyld atriði nánar útskýrð sem og reglur um uppsögn og frávikningu. (24. gr. og 26. gr.)
- Lýsing á hlutverki og ábyrgð stjórnar félagsins og forstjóra einfölduð og skýrð betur með lítilsháttar efnislegum breytingum. (27. gr., 3.-5. mgr. 28. gr. og 30. gr.)
- Staðfest að ársreikningur skuli gerður í samræmi við viðeigandi lög. (31. gr.)
- Aukið svigrúm til að eiga og eignast eigin hluti innan þeirra marka sem lög setja. (34. gr.)
- Ákvæði um breytingar á samþykktum félagsins einfaldað án efnislegra breytinga. (35. gr.)
- Felld brott ákvæði um samruna og sölu á eignum. Fer eftir viðeigandi lögum. (36. gr.)
- Félaginu heimilað að nota rafræna miðla og tölvupóst í samskiptum við hluthafa. (37. gr.)
- Staðfest að ófrávikjanleg lög gangi framar samþykktum ef ósamræmi er á milli þeirra. (2. mgr. 38. gr.)

Tilvísanir að ofan vísa til greina í endurskoðuðum samþykktum. Aðrar breytingar ná meðal annars til uppsetningar og orðalags. Endurskoðaðar samþykktir, gildandi samþykktir, samanburður á þeim og nánari útskýringar er að finna á vefsíðu félagsins.

B. REGLUR UM ÞÁTTTÖKU HLUTHAFA OG ATKVÆÐAGREIÐSLU

Hluthafar eiga rétt á að fá mál tekin á dagskrá hluthafafundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en þriðjudaginn 4. mars 2014. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir fund eða á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa, þ.m.t. hvernig sé hægt að nýta þau réttindi, er að finna á vefsíðu félagsins.

Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði, að frátöldum eigin hlutum sem ekki fylgir atkvæðisréttur. Vinsamlegast athugið að hluthafar þurfa að vera nafnskráðir í hlutaskrá félagsins til að geta kosið (hlutir á safnreikningi bera ekki atkvæðisrétt). Hluthafar sem sækja fundinn verða skráðir á fundarstað og fá atkvæðaseðla og önnur fundargögn þar.

Hluthafar, sem ekki sækja aðalfundinn, geta annaðhvort: a) kosið um dagskrármál með skriflegum eða rafrænum hætti, eða b) veitt umboð.

Beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum eða rafrænum hætti þarf að berast félaginu eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og þeir geta einnig vitjað atkvæðaseðla á skrifstofu félagsins og greitt þar atkvæði alla virka daga á skrifstofutíma. Atkvæði þurfa að berast félaginu fyrir aðalfundinn.

Hluthafar geta annaðhvort veitt skrifleg eða rafræn umboð að uppfylltum ákveðnum formkröfum sem fram koma á vefsíðu félagsins. Rafræn umboð þarf að senda í gegnum aðgangskerfi hluthafa hjá félaginu. Umboð þurfa að berast félaginu fyrir aðalfund eða á fundarstað.

Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins.

C. NÁNARI UPPLÝSINGAR

Aðalfundurinn fer fram á ensku. Skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund, þ.m.t. endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2013 og ársskýrsla fyrir árið 2013, auk ályktunartillagna og athugasemda við hvert dagskrármál er að finna á ensku á vefsíðu félagsins. Hluthafar geta einnig nálgast skjölin á skrifstofu félagsins að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík, alla virka daga á skrifstofutíma.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar föstudaginn 28. febrúar 2014. Hafi hluthafar krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 28. febrúar - 4. mars 2014, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn.

Hluthöfum er einnig bent á að samkvæmt 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995 er hægt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega skemmst fimm dögum fyrir aðalfund. Af þeim sökum verða upplýsingar um alla frambjóðendur til stjórnar kunngerðar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á skrifstofu félagsins frá kl. 8:30 á aðalfundardag. Aðalfundurinn hefst stundvíslega kl. 9:00.

Nánari upplýsingar um aðalfundinn og aðalfundargögn er að finna á vefsíðu félagsins:
WWW.OSSUR.COM/INVESTORS/AGM

Reykjavík, 20. febrúar 2014,
Stjórn Össurar hf.



Á annað hundrað manns látnir

Tugir manna létu lífið í átökum mótmælenda og lögreglu í gær. Margir hinna látnu eru sagðir hafa fallið fyrir leyniskyttum. Janúkovítsj forseti kennir mótmælendum um ofbeldið og segir þá hafa beitt skotvopnum gegn lögreglunni. ESB ætlar að beita refsiaðgerðum.

ÚKRAÍNA Aðeins fáeinum klukkustundum eftir að stjórnvöld höfðu, seint á miðvikudagskvöld, samið við stjórnarandstæðinga um vopnahlé í Úkraínu brutust hörð átök út á ný í höfuðborginni Kænugarði.

Átökin í gær urðu grimmilegri en nokkru sinni fyrr og virðast hafa kostað meira en hundrað manns lífið. Tölur um mannfall voru þó óljósar í gær.

Vestrænar fréttastofur gátu staðfest að tugir manna væru látnir, þar sem fréttamenn þeirra höfðu sjálfir talið lík í líkhúsum borgarinnar. Bandaríska fréttastöðin CNN fullyrta svo síðdegis að hundrað manns hið minnsta væru fallnir í valinn og 500 særðir.

Leyniskyttur eru sagðar hafa skotið á mótmælendur og úkraínsk stjórnvöld hafa staðfest að sersveitarmenn hafi notað skotvopn. Þá eru mótmælendur sagðir hafa tekið 67 lögreglumenn í gíslingu í gær.

Daginn áður höfðu nærri 30 manns látist í átökunum í Kænugarði.

Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin hafa hótad refsiaðgerðum gegn úkraínskum stjórn-

völdum, sem sögð eru bera alla ábyrgð á ofbeldinu undanfarið.

Evrópusambandið sendi utanríkisráðherra Frakklands, Þýskalands og Póllands til Úkraínu í gær, þar sem þeir ræddu fyrst við Viktor Janúkovítsj forseta og síðan helstu leiðtoga stjórnarandstæðinga, meðal annars um hugsanlega málamiðlun í deilunni.

Að því búnu var reiknað með að þeir sneru aftur til Belgíu þar sem utanríkisráðherrar hinna Evrópusambandsríkjanna biðu eftir þeim á neyðarfundum um Úkraínu, þar sem taka átti ákvörðun um refsiaðgerðir.

Emma Bonino, utanríkisráðherra Ítalíu, staðfesti við BBC að ferðabann yrði samþykkt á úkraínska embættismenn og eignir þeirra frystar í bönkum Evrópusambandsríkjanna.

Rússnesk stjórnvöld sendu svo fulltrúa sinn til Kænugarðs í gær að ósk Janúkovítsj forseta. Þar átti hann að hjálpa til við að miðla málum í deilu stjórnvalda við mótmælendur.

Fátt bendir þó til þess að nokkur málamiðlun verði möguleg eftir atburði síðustu daga.

gudsteinn@frettabladid.is



MARGIR LÁGU Í VALNUM Mótmælendur í Kænugarði votta látnum félögum sínum virðingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

21. NÓVEMBER Viktor Janúkovítsj forseti hættir við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið. Þess í stað hyggst hann styrkja tengslin við Rússland. Mótmæli hefjast í Kænugarði.

30. NÓVEMBER Lögregla ræðst af hörku gegn mótmælendum í Kænugarði. 35 eru handteknir. Myndir af lögreglunni beita mótmælendur ofbeldi berast hratt á milli manna og styrkja stuðning við mótmælendur.

1. DESEMBER Um 300 þúsund mæta til mótmæla í Kænugarði. Þetta eru fjölmennustu mótmæli í Úkraínu frá Appelsínugulu byltingunni árið 2004. Hópur mótmælenda leggur undir sig ráðhúsið í Kænugarði.

17. DESEMBER Vladímír Pútín Rússlandsforseti lýsir því yfir að Rússar muni kaupa úkraínsk ríkisskuldabréf fyrir jafnvirði 17.000 milljarða króna. Einnig verði mikil verðlækkun á gasi, sem Úkraínemenn kaupa af Rússum.

22. JANÚAR Þrjú mótmælendur láta lífið í átökum í Kænugarði. Tveir falla fyrir byssuskotum en sá þriðji fellur úr nokkurri hæð niður á jafnsléttu. Þetta eru fyrstu dauðsföllin í átökum vetrarins.

ATBURÐARÁS VETRARINS

28. JANÚAR Úkraínustjórn lætur að nokkru undan kröfum mótmælenda: Forsætisráðherrann segir af sér og þingið afturkallar umdeild lög um strangara bann við mótmælum.

31. JANÚAR Stjórnarandstæðingurinn Dmitró Bulátov, sem hafði verið týndur í meira en viku, skýtur upp kollinum illa farinn og segist hafa sætt hrottalegum pyntingum. Hann segist sannfærður um að stuðningsmenn Rússa hafi rænt honum.

16. JANÚAR Stjórnarandstæðingar láta ráðhúsið í Kænugarði af hendi, en í staðinn veita stjórnvöld 234 mótmælendum sakaruppgjöf.

18. FEBRÚAR Hörð átök kosta að minnsta kosti 26 manns lífið, þar af 10 lögreglumenn. Hundruð manna særast. Átökin hefjast eftir að þingið frestar því að breyta stjórnarskránni aftur til fyrra horfs og þar með draga úr völdum forsetans.

20. FEBRÚAR Stjórn og stjórnarandstæðingar semja um vopnahlé, en stuttu síðar brjótast út hörð átök milli mótmælenda og lögreglu. Ofbeldið nær nýjum hæðum og fyrir kvöldið hafa þau kostað á annað hundrað manns lífið.

Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf

verður haldinn 13. mars 2014

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, fimmtudaginn 13. mars 2014 og hefst hann stundvíslega kl. 15:00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
3. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
4. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
„Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. þann 13. mars 2014 samþykkir að fella 2. mgr. 7. gr. samþykkt félagsins úr gildi, en að öðru leyti verði samþykktir óbreyttar.“
5. Kosið í stjórn félagsins.
6. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarinnar.
8. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
9. Tillaga um heimild til að kaupa eigin hluti.
„Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. þann 13. mars 2014 heimilar stjórn félagsins að kaupa á næstu fimm árum hluti í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutfé þess. Endurgjald fyrir keypta hluti skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur er gerður. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.“
10. Önnur mál

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti, uns endanleg dagskrá og tillögur eru birtar fimmtudaginn 27. febrúar 2014. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: www.vis.is/fjarfestar.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar.

Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist

á heimili félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sína á heimili félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar lýkur fimm dögum fyrir aðalfund. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

Endanleg dagskrá og skjöl sem lögð verða fyrir aðalfund verða birt á vefsíðu félagsins þann 27. febrúar 2014 og munu liggja frammi á skrifstofu þess að Ármúla 3, 108 Reykjavík, frá sama tíma.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 20. febrúar 2014.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.

VÍS

Konudagurinn nálgast óðfluga



iPhone 5c
Litaglaður og klár

Verð frá: 89.890.-

Konudagstilboð



iPad Air
Kraftmikill og léttur
Verð frá: 89.990.-



iPad mini 16GB/WiFi
Smellpassar í lófann
Verð: 49.990.-*
Listaverð: 54.990.-



iPhone 4s
Frábær sími, á góðu verði
Verð frá: 67.890.-



iPhone 5c
Litaglaður og klár
Verð frá: 89.890.-



iPhone 5s
Framtíðin er hér
Verð frá: 109.890.-





ENDALAUS AÐPREYING

FLJÚGÐU VEL

MEÐ ICELANDAIR

*Alltaf innifalið: Frjálst sætaval við bókun | Aðpreyingarkerfi 350 klst. | Meira pláss milli sæta
Ein ferðataska allt að 23 kg til Evrópu og tvær töskur til N-Ameríku | Matur fyrir börnin
Óáfengir drykkir og dagblöð | Vildarpunktur | Flug- og flugvallarskattar*

    Vertu með okkur

ICELANDAIR



Sjálfstæðisfólk gagnrýnir bæjarhátíð í Hafnarfirði: Telja bæjarbúa látna borga kosningahátíð

HAFNARFJÖRÐUR Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði segja meirihluta Samfylkingar og Vinstri grænna í bæjarstjórn ætla að efna til kosningahátíðar á kostnað bæjarsjóðs í vor. Á bæjarstjórnarfundum sínum til þeirrar „skyndiákvörðunar“ meirihlutans að halda bæjarhátíðina Bjarta daga að þessu sinni í apríl, eða um mánuði fyrir bæjarstjórnarkosningar.

Bæjarfulltrúar meirihluta sögðu að samþykkt hefði verið síðasta haust að hátíðin skyldi haldin í tengslum við sumardaginn fyrsta.

Þeir bókuðu að ef sjálfstæðismenn vildu fresta öllum árlegum viðburðum á vegum menningar- og ferðamálanefndar fram yfir kosningar þá væri þeim frjálst að leggja fram tillögur þess efnis í menningar- og ferðamálanefnd. -gar

Krefst breytinga hjá Tryggingastofnun

Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins segir að úrskurður úrskurðarnefndar almenntrygginga krefjist grundvallarbreytinga á greiðslufyrirkomulagi endurhæfingarlífeyris. Reglur sjúkrasjóða skarist við regluverk almenntrygginga.

HEILBRIGÐISMÁL Úrskurður úrskurðarnefndar almenntrygginga um tilhögun greiðslu endurhæfingarlífeyris setur Tryggingastofnun ríkisins, TR, í talsverðan vanda. Málið er nú til skoðunar hjá velferðarráðuneytinu og stofnuninni.

Fréttablaðið greindi í gær frá niðurstöðu úrskurðarnefndar almenntrygginga í máli konu sem fékk sjúkradagpeninga til 8. júní í fyrra en TR taldi að hún ætti ekki rétt á endurhæfingarlífeyri fyrr en 1. júlí. Konan var því bóttalaus í 22 daga. Úrskurðarnefndin komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að greiða ætti lífeyrinn frá 9. júní, eða degi eftir að hún varð bóttalaus.

Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar, segir að úrskurðurinn setji TR í tölverðan vanda.

„Vandi okkar við úrlausn þessa verkefnis er að hér mætast annars vegar reglur sjúkrasjóða stéttarfélaganna sem byggja á dagpeningum og hins vegar regluverk almenntrygginga þar sem byggt er á mánaðarréttindum,“ segir hún og bætir við að allar greiðslur sem Tryggingastofnun hefur með að gera séu byggðar á mánaðarréttindum en séu ekki í formi dagpeninga. Til grundvallar bótareikningi hvers mánaðar skuli leggja einn tólfta af áætluðum tekjum ársins. Endurhæfingarlífeyrir sé tekjutengdur og ráðist greiðslur því af tekjum lífeyrisþega á mánaðargrundvelli.

Sigríður Lillý segir að úrskurðurinn krefjist því grundvallarbreytinga á greiðslufyrirkomulagi endurhæfingarlífeyris og sé málið til skoðunar hjá velferðarráðuneytinu.

„Fléira kemur til sem gerir stöðuna flókna. Skarist greiðslur sjúkrasjóða og Tryggingastofnunar innan



EKKI AFTURVIKUR Tryggingastofnun ríkisins telur úrskurð úrskurðarnefndar almenntrygginga ekki afturvirkkan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GREIÐSLUR ÚR ENDURHÆFINGARLÍFEYRISJÓÐI TR

Ár	Fjöldi	Heildarfjárhæð
2011	1.091	2.315 millj. kr.
2012	1.200	2.632 millj. kr.
2013	1.277	3.028 millj. kr.

mánaðarins geti það leitt til lægri heildargreiðslna til viðskiptavina. Því er afar mikilvægt að fara gaumgæfilega yfir þessi mál,“ segir Sigríður Lillý.

Tryggingastofnun fellst ekki á að úrskurðurinn verði afturvirkur.

Magnús Nordahl, yfirlögfræðingur Albýðusambandsins, hefur sagt að hann líti svo á að úrskurðurinn hafi ótvírætt fordæmisgildi og sé afturvirkur.


johanna@frettabladid.is

Gefum 80.000 kr. af eldsneyti dagana 25-28. febrúar!

Vertu vinur okkar á Facebook og þú gætir unnið!

www.lodur.is - Sími 544 4540

Mikið úrval og hagstæð verð!



Sturtuhorn, sturtuklefar og sturtuveggir sem setja má beint á gólf



Baðkarshlífar margar gerðir verð frá 14.900

Sturtuveggir öryggisgler 6-8-10mm Verð frá 25.900

Sturtuhorn með botni verð frá 29.900



Innréttingar og tæki

Opið virka daga frá 9 til 18 laugardaga 11 til 15 Ármúla 31 - Sími 588 7332


i-t.is



Geymslurými í öll herbergi



Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurlflugvöllur / 5687733 / www.epal.is



Enn upplifir hinsegin fólk fordóma á Íslandi:

Stutt saga úr Reykjavík Pútíns

Ég var í röð á leið á klósettið og einhverjir voru að böggja mig á meðan. Síðan þegar ég kom út af skemmtistaðnum beið sami hópur stráka og var með stæla. Það endaði með því að einn þeirra kýldi mig niður og annar sparkaði í mig.

Þetta er ekki saga frá Rússlandi Pútíns, svo vitnað sé í pistil Pawels Bartoszek frá því í síðustu viku. Nei, orðin hér að ofan eru höfð eftir framhaldsskólanemanum Erni Danival Kristjánssyni í blaði dagsins. Örn segir okkur sögu úr Reykjavík, höfuðborginni okkar.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Fyrr í vikunni sögðum við frá nýrri íslenski könnun sem sýnir svart á hvítu að fordómar gagnvart hinsegin fólki eru enn mjög útbreiddir á Íslandi. Samtökin

'78 stóðu að könnuninni og sagði formaður samtakanna, Anna Pála Sverrisdóttir, að niðurstöðurnar hefðu ekki komið sér sérstaklega á óvart.

Mikill meirihluti þátttakenda í könnuninni upplifði fordóma, bæði í vinnunni og í skóla, á skemmtistöðum og jafnvel í fjölskylduböðum, af því að þeir eru hinsegin. Tölurnar eru sláandi og sýna að við eigum enn mjög langt í land og aðrar kannanir sýna okkur að samkynhneigð ungmenni eru tuttugu og fimm sinnum líklegri en önnur til að hafa reynt að svipta sig lífi, margsinnis. Þetta unga fólk upplifir oft mikla höfnun og fordóma.

Verstir eru fordómarnir gagnvart hinsegin fólki í miðbæ Reykjavíkur eftir myrkur og margir treysta sér ekki í bæinn um helgar. Anna Pála staðfesti á þriðjudag að fordómarnir ættu það til að birtast í sinni verstu mynd þegar fólk hefur drukkið frá sér allar hömlur.

Örn Danival stígur fram í Fréttablaðinu í dag ásamt Einari Val Einarssyni. Þessar ungu hetjur mæta fordómum af æðruleysi þótt þeir hafi mikil áhrif á líf þeirra beggja. Við erum komin miklu styttra en við höldum. Enda er mjög stutt síðan við buðum hinsegin fólki að setjast við sama borð og öllum öðrum. Það eru ekki tuttugu ár síðan lög um staðfesta samvist voru samþykkt og fyrir rétt um fjórum árum máttu prestar og forstöðufólk trúfélaga ekki gifta homma og lesbíur.

Við þurfum ekki að leita til Rússlands til að verða vitni að fordómum í garð samkynhneigðra. Við mismunuðum samkynhneigðum um hvað varðar samræðisaldur allt til ársins 1992 og lofuðum hvorki homma né lesbíum að ættleiða börn fyrr en árið 2006. Það er fyrir rétt um átta árum.

Það mun taka okkur tíma að uppræta fordóma gagnvart hinsegin fólki og við megum alls ekki sofna á verðinum. Við eigum ekki langa sögu fordómaleysis og umburðarlyndis hér á landi. Þess vegna er svo mikilvægt að við leggjum við hlustir þegar svona kannanir eins og sú sem Samtökin '78 létu gera sýna okkur svart á hvítu að þessi þjóðfélagshópur upplifir enn fordóma. Við eigum einnig að taka mark á þessum ungu mönnum sem við ræðum við í Fréttablaðinu í dag og fagna þeirra innleggi í umræðuna. Við getum gert miklu betur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HEILSU TVENNA
Nýtt útlit á nýju ári
Omega-3, vítamín og steinefni í einum pakka

LYSI
www.lysi.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Nostradamus

Umræður um Evrópusambandið og skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um efnið héldu áfram í þinginu í gær. Andstæðingar héldu margir áfram að túlka skýrsluna mestmegnis sér í hag og Evrópusinnarnir gerðu slíkt hið sama. Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, var léttur að vanda. Hann vildi að samningaviðræðum yrði haldið áfram þar til samningur lægi fyrir, til að hægt yrði að meta hvort landið fengi undanþágur frá skilyrðum Evrópusambandsins. Hann sagði skýrsluna bæta litlu við það sem komið hefði fram annars staðar og lægi fyrir. Óttarr sagði erfitt að gerast mikill Nostradamus og það að

horfa marga áratugi fram í tímann til að reyna að spá um hvað myndi gerast væri tiltölulega fánýt iðja. Vonandi voru einhverjir að hlusta á Óttar.

Blauta tuskan

Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, tók einnig þátt í umræðum um aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið. Hann setti örliðið ofan í við utanríkisráðherra, sem hafði áður sagt að skýrsla sem aðilar vinnumarkaðarins hafa látið Alþjóðastofnun Háskólans gera um stöðu viðræðna við sambandið hefði engin

áhrif á það sem stjórnvöld eru að gera þar sem hún væri póntuð af fylgjendum Evrópusambandsins. Brynjar sagði í ræðu sinni á þinginu í gær að hann hefði viljað hafa fleiri skýrslur sem vitað er að séu á leiðinni. Brynjar sagði einnig að hann væri í flokki þar sem skiptar skoðanir eru um ESB, þar vildu einhverjir sjá hvort sérlausnir væru í boði og hvort þær gætu verið varanlegar. Hann sagðist hafa skilning á því að þessi hópur sætti sig ekki við að hann væri bara sleginn með blautri tusku í andlitið og viðræðum slitið. Það verður spennandi að sjá hvort ríkisstjórnin ætla að dýfa tuskunni í vatnið og reiða til höggs.

fanne@frettabladid.is

HALLDÓR



Spurt... og svarað?

STJÓRN MÁL



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísindamaður og rithöfundur

Ekki veit ég með vissu hvort heppilegt sé að spyrja þriggja meginspurninga nú þegar umræður um aðildar- (eða aðlögunar-) viðræður við Evrópusambandið hafa keyrst fastar í gamalkunnum farvegi. Svör við þessum spurningum (og nokkrum afleiddum) gætu varpað ljósi á hvernig við rekum það sem kallast lýðveldi með þingbundinni stjórn samkvæmt fyrstu grein stjórnarskrár Íslands. Eigum við að reyna?

Fyrsta spurningin (og tvær afleiddar) er svona: Getur stjórn málaflökkur sem leggur fram grunnstefnuskrá fyrir þingkosningar staðið fast á því að allir kjósendur sínir taki að öllu leyti undir hvert einasta stefnuatriði? Ef svo er hvernig vita stjórn málaflökkur þess að ef svo er ekki hvernig er þá unnt að nota kosningaúrslit sem skýran og óhagganlegan mælikvarða á vilja kjósenda í öllum helstu meginmálum samfélagsins?

Mælir nokkuð gegn þjóðaratkvæðagreiðslu?

Önnur spurning (og tvær afleiddar) er svona: Ef unnar eru nokkrar skoðanakannanir með lágmarks vísindalegum hætti um tiltekin pólitísk meginmálefni, duga þær til að höndla sem best hin sömu mál og þá í samræmi við niðurstöður

→ Getur stjórn málaflökkur sem leggur fram grunnstefnuskrá fyrir þingkosningar staðið fast á því að allir kjósendur sínir taki að öllu leyti undir hvert einasta stefnuatriði?

kannanna? Ef svo er, hvor nýleg könnunin er mikilvægari – sú sem bendir til þess að 60–75% landsmanna séu andvíg inngöngu í Evrópusambandið eða sú sem bendir til þess að 60–75% landsmanna vilji að þjóðaratkvæðagreiðsla um framtið aðildarviðræðna fari fram? Sé svo ekki, mælir þá eitthvað á móti því að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort slíta beri viðræðunum eins og nú heyrir rætt um, eða halda þeim áfram og það áður en þingsályktunartillaga um slit er lögð fram á Alþingi?

Þriðja spurning (og tvær afleiddar): Ef skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ, umbeðin af fulltrúum vorum sem teljast andvígir EB-aðild, er góð og gild má þá búast við að skýrsla Alþjóðamálastofnunar HÍ, umbeðin af víðtækum samtökum sem sögð eru fylgjandi aðild, verði hvorki góð né gild? Ef svo er, hver eru þá rökun? Ef svo er ekki, væri snjallt að leyfa þeirri skýrslu að lita umræður með opnum huga?

Moskvulínan II

Í DAG

Pawel Bartoszek stærðfræðingur



Á seinasta kjörtímabili rak Ísland minnst tvær utanríkisstefnur. Annars vegar var það utanríkisstefna Íslands sem vildi ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Þetta Ísland vildi samþykka kröfur Breta og Hollendinga í IceSave. Þetta var Ísland ríkisstjórnarinnar, eða öllu heldur Samfylkingarhluta hennar. Hinn stjórnarflokkurinn samþykkti þessa stefnu þegjandi og hljóðalaust, en augljóslega án mikils eldmóðs.

Svo var það hin utanríkisstefna, utanríkisstefna forsetans. Utanríkisstefna sem snerist um að tala illa um Evrópusambandið á opinberum vettvangi. Utanríkisstefna Íslands sem vildi ekki ganga í Evrópusambandið, vildi ekki semja við Breta og Hollend-

inga, vildi efla samskipti við Kínverja og Rússa, gera viðskiptasamninga við þau lönd og styggja ríkisstjórnir þeirra aldrei.

Það er auðvitað ruglingslegt þegar þjóð hefur tvær utanríkisstefnur. Menn eru ekki endilega vanir því að forseti ríkis sem hefur beðið um að ganga í ESB rakki það í spað og spyrji hvers konar „klúbbur þetta eiginlega sé“. Eða að ríki semji um aðild að tollabandalagi og geri á sama tíma fríværslusamning við allt annað ríki. En nú hefur staðan einfaldast til muna. Framsóknarmennirnir þrír, forseti, forsætisráðherra og utanríkisráðherra, ganga í takt. Þetta er minna ruglingslegt. Ég veit ekki hvort mér finnst það betra.

Við kusum þetta

Til að gæta sanngirni þá er auðvitað ekki þannig að þessi nýja, andevrópska, prókínverska og prórússneska utanríkisstefna hafi ekkert lýðræðislegt umboð. Ólafur Ragnar vann seinustu forsetakosningar með nokkrum mun.

Synjanir hans á lögum um Ice-Save voru staðfestar af kjósendum með afgerandi hætti. Fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Guðni Ágústsson, var í hópi dyggustu stuðningsmanna forsetans. Framsóknarflokkurinn með sinn nýja InDefense-arm náði góðum árangri í seinustu kosningum. En, já, þessi utanríkisstefna datt ekki af hinnum ofan. Fólk kaus hana.

Með í sýningunni

Forseti Íslands mætti til Sotsjís ásamt tveimur ráðherrum. Forsetar hafa hingað til lítið mætt á Vetrarólympíuleika. Þjóðhöfðingjar margra annarra ríkja létu ekki sjá sig. Þar fyrir utan er nú ekki eins og þessi íþróttahátíð fái Íslendinga til að leggja niður vinnu. Við sendum oftast færri keppendur þangað en í Evróvisjón. Og þegar þjóðhöfðingi okkar mætir og tekur mynd af sér með Pútín þá hefur það eitthvað að segja. Það er stundum sagt að markmið Rússa með þessum leikum sé að sýna heiminum hitt og þetta. Ég held að

markmið rússneskra stjórnvalda sé fyrst og fremst að sannfæra eigin borgara um að þeir búi í öflugu og nútímalegu ríki sem aðrir í heiminum virði og líti upp til. Við höfum nú gert okkar til að hjálpa til í þeirri leiksýningu.

Ráðherra les upp úr Ítar-Tass

Seinast í vikunni gerði utanríkisráðherrann eiginlega gott betur með því að taka undir málstað Rússa í málefnum Úkraínu með því að halda því fram að í raun bæri Evrópusambandið ábyrgð á ástandinu í Úkraínu. Þetta er athyglisverður vinkill. Ástandið í Úkraínu er nú svipað því sem það var í Rússlandi á 10. áratugnum. Oligarkar ráða miklu, fjölhyggjan á í vök að verjast og veruleg hætta er á að Úkraína fari sömu leið og Rússland, Hvíta-Rússland eða Kasakstan, verði ríki þar sem kosningar eru lítið annað en fjarvistarsönnun fyrir ráðamenn til að halda áfram að herða völd sín. Deilurnar í Kíev snúast um hvort landið eigi að vera vestrænt fjölhyggjuríki eða

pútínskt nær-einræði. Það ætti að vera auðvelt að taka afstöðu í þeirri deilu. Það reynist hinum Moskvuvænu framsóknarmönnum hins vegar erfiðara en mörgum öðrum.

Hýddar fyrir söng

Ég ætla ekki að búa til falska valkosti. Við getum eflt tengsl okkar við nágrannaþjóðirnar án þess að ganga í ESB. Það má reyna. En núverandi utanríkisstefnu, stefnu sleikjuskapar við harðstjórnir, verður að linna.

Þeir sem vilja geta farið á netið og séð myndband þar sem lögreglumenn í Sotsjís lemja meðlimi Pussy Riot með svipum. Þetta höfum við kosið: Utanríkisstefnu þar sem við nýtum hvert tækifæri til að standa í átökum við þau ríki sem ættu að standa okkur næst. Utanríkisstefnu sem tekur ekki stöðu með mannréttindum. Utanríkisstefnu þar sem við freistum þess að dýpka sambönd við ríki þar sem konur eru háddar með svipum á götum úti fyrir það að hafa reynt að syngja lag.

Texti er trompið

Á degi táknmálsins 11. febrúar var í fréttum Stöðvar 2 viðtal við Margréti Gígju Þórðardóttur, kennslustjóra hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra.

TÁKNMÁL



Kolbrún Stefánsdóttir

framkvæmdastjóri Heyrnarhjálp

Í framangreindu viðtali kom fram að hún teldi að um 250 manns notuðu táknmál á Íslandi. Jafnframt taldi hún að helmingur þjóðarinnar væri heyrnarskerður og lagði hún til að allir Íslendingar lærðu táknmál til að nota í ellinni eða þegar þeir færu að missa heyrn.

Heyrnarhjálp, félag heyrnarskertra á Íslandi, hefur lengi barist fyrir rittúlkun sem aðgengisleið til að halda fólki með heyrnarskerðingu í sem bestum tengslum við samfélagið. Þessi barátta okkar hefur haft yfirskriftina „Texti er okkar tromp“ þar sem annars vegar er vísað til þess að sjónvarps efni verði textað í auknum mæli og hins vegar að þjónusta við heyrnarskertra verði aukin með rittúlkun. Langflestir Íslendingar eru læsir og gætu því mjög auðveldlega nýtt sér rittúlka við ýmsar athafnir og aðstæður. Einnig hefur félagið mælt með notkun heyrnar- og hjálpartækja sem sífellt verða betri og fullkomnari.

Samskiptafærni á ritmáli fer ört vaxandi í hinum tæknivædda heimi, s.s. í snjallforritum ýmiss konar og nánast hvar sem er, auk þess sem samskiptamiðlar eins og Facebook, Twitter og Snapchat stuðla að vaxandi notkun ritmáls.

Flestir kannast við textun á myndefni hjá RÚV sem birtist á síðu 888 á textavarpinu. Hingað til hefur sú textun verið bundin við áður upptekið efni. Á undanförunum árum hefur vægi fréttu og annarra dagskrárlíða sem sendir eru út beint aukist verulega. Krafa okkar og framtíðarinnar er sú að þannig efni verði textað jafnóðum.

Við hjá Heyrnarhjálp bendum á að sá hópur sem greinist með heyrnarskerðingu, jafnvel á háu stigi, notar mun oftár íslensku en táknmál sem fyrsta mál/samskiptamál. Þegar fólk er komið á fullorðinsár er afar fátítt að það tileinki sér táknmál sem samskiptamál í kjölfar heyrnarskerðingar og tæpast hægt að gera kröfu um slíkt.

Við viljum ekki á neinn hátt rýra hlut heyrnarlaustra og tókum undir mikilvægi þess að þeir fái fullt aðgengi að samfélaginu með þeirri aðferð sem þeim nýtist best.

Við viljum einungis benda á að í tilviki þeirra sem þjást af heyrnarskerðingu er rittúlkun og notkun hentugra hjálpartækja besta lausnin.



Íslenska UNESCO-nefndin

VIKA MÓÐURMÁLSINS

21.-28. febrúar 2014

Alþjóðadagur móðurmálsins er 21. febrúar



STOFNUN VÍGÐISAR FINNBOGADÓTTUR Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM



Um 100 móðurmál eru töluð á Íslandi UNESCO leggur ríka áherslu á réttinn til móðurmálsins og mikilvægi þess fyrir einstaklinginn og menningu þjóða

Tungumálaforða Íslands leitað í skólum landsins: www.tungumalatorg.is/

Sögustund fyrir börn á 10 tungumálum.

Borgarbókasafn, Gerðubergi ♦ Föstudagur 21. febrúar, kl. 13-15.

Danska sem móðurmál, annað mál og erlent mál.

Fyrirlestur dr. Bergþóru Kristjánsdóttur, lektors við Árósháskóla.

Oddi 101, Háskóla Íslands ♦ Fimmtudagur 27. febrúar, kl. 16.

Móðurmál – mál málanna.

Málþing í Norræna húsinu ♦ Föstudagur 28. febrúar, kl. 15-17.

Hólmfríður Garðarsdóttir, forseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda við Háskóla Íslands: *Tungumál eru sameign okkar allra – ræktum þau!*

Renata Emilsson Pesková, formaður Móðurmáls, félags tvítyngdra barna: *Öll mál skipta máli – en fyrir hverja?*

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmenningsfræðum við Háskóla Íslands: *Tungumál sem auðlind – fjölbreyttir kennarahópar.*

Þorbjörg Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri Tungumálatorgs: *Dýrmætur tungumálaforði.*

Jón Torfi Jónasson, prófessor við kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og formaður íslensku UNESCO-nefndarinnar.



KENNARASAMBAND ÍSLANDS



Reykjavíkurborg Skóla- og frístundasvið



BORGARBOKASAFN REYKJAVÍKUR



990.-

MEIRI
HÁTTAR
STEMMING
Á VELLINUM!



2010
ÚTGAFA



1990.-

BÓKAMAR

FRÁ 21. FEBRÚAR *Laugardalsvelli* TIL 9. MARS




990.-



1990.-



990.-



99.-



1699.-




490.-




1999.-




1490.-



990.-



4990.-



1990.-

EKKI
MISSA AF
DESSU

KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

DÚSUNDIR TITLA

SPARAÐU DÚSUNDIR



990.-



1990.-



6999.-



990.-



OPIÐ
FRÁ KL. 10-18
ALLA DAGA





100 ára afmæli

Hólm Dýrfjörð

Hólm Dýrfjörð verður 100 ára í dag, 21. febrúar. Af því tilefni tekur hann á móti ættingjum og vinum á morgun, laugardaginn 22. febrúar, kl. 3, í safnaðarheimili Áskirkju, Vesturbrún 30, Reykjavík.

Hólm fæddist þann 21. febrúar árið 1914 í Nauteyrarhreppi. Hann ólst upp skammt frá Ísafirði fyrstu árin og síðan á Ísafirði. Hann fluttist á unglingsaldri til Siglufjarðar. Hólm og kona hans, Sigrún Sigmundsdóttir (d. 23.02. 1999), áttu miklu barnaláni að fagna og eru afkomendur þeirra orðnir 87 talsins.

21. FEBRÚAR 1965

Malcolm X myrtur

Malcolm X, fæddur Malcolm Little, var aðgerðasinni, prestur og talsmaður þjóðfélags múslima. Hann barðist ötullega fyrir réttindum blökkumanna í Bandaríkjunum á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Hann var myrtur í New York þann 21. febrúar 1965.

Malcolm X hafði sliði sig frá samtökunum „Nation of Islam“ skömmu fyrir dauða sinn og eftir það óttaðist Malcolm um líf sitt og fjölskyldu sinnar. Ástæðan fyrir ágreiningnum milli Malcolms X og samtakanna var sú að Malcolm hafði gert lítið úr morðinu á Kennedy forseta. Eftir að hann sleit sig frá samtökunum óttuðust yfirmenn „Nation of Islam“ að

Malcolm tæki marga með sér úr samtökunum. Malcolm og fjölskylda hans urðu ítrekað fyrir árásum og til dæmis var kveikt í húsi fjölskyldunnar.

Daginn sem hann var myrtur átti hann að flytja ræðu í Audubon Ballroom í New York. Rétt eftir að búið var að kynna Malcolm til leiks ruddust þrír menn inn í salinn og hófu skotárás. Malcolm var skotin sextán sinnum og lést samtundis. Hann var jarðsettur í New York og mættu um

30.000 þúsund manns til að votta honum virðingu sína. Malcolms X verður lengi minnst sem baráttumans fyrir réttindum blökkumanna.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,

GUÐMUNDUR RÚNAR GUÐMUNDSSON

Úthlíð 37, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þann 18. febrúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.



Vilborg Sverrisdóttir

Ragnar Guðmundsson

Guðmundur Rúnar Guðmundsson

og barnabörn.

Svanhildur Anna Magnúsdóttir

Guðmundur Rúnar Guðmundsson

og barnabörn.



ZOPHANÍAS MAGNÚS MÁRUSSON

Meltröð 4, Kópavogi,

lést á Sunnuhlíð þriðjudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 26. febrúar kl. 11.00.



Börn, tengdabörn og barnbörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HALLDÓR GUNNAR STEFÁNSSON

Hrafnistu í Reykjavík, áður Bugðulæk 15,

lést á Hrafnistu fimmtudaginn 13. febrúar sl. Útförin fer fram föstudaginn 21. febrúar kl. 15 frá Hallgrímskirkju í Reykjavík.



Sigrún, Guðrún, Bryndís og Siggí, barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum öllum hjartanlega sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdafaðir, afa og langafa,

GÍSLA BERGSVEINS ÓLAFS LÁRUSSONAR

Ársölum 1.

Sérstakar þakkir færum við heimahlyningu LSH og Friðbiri Sigurðssyni krabbameinslækni fyrir ómetanlegan stuðning, umhyggju og kærleika. Guð blessi ykkur öll.

Guðrún Þórarinsdóttir

Þórarinn Gíslason

Jóna Bryndís Gísladóttir

Sigrún Gísladóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Karen Dagmar Guðmundsdóttir

Vilhjálmur Sveinn Björnsson

Bjarni Þór Hjaltason

barnabörn og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HALLFRÍÐUR STEINUNN ÁSMUNDSDÓTTIR (DISTA)

Skúlagötu 20, 101 Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 15. febrúar 2014. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 21. febrúar kl. 13.00.



Tryggvi Gunnarsson

Halldór Gunnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Ragnhildur Ragnarsdóttir

Selma Björk Grétarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

JÓNÍNA BJÖRG HELGADÓTTIR (NINNA)

frá Hóli, Hauganesi,

lést á heimili sínu, Hornbrekku á Ólafsfirði, föstudaginn 14. febrúar síðastliðinn.

Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 22. febrúar kl. 14.00. Jarðsett verður í Stærri-Árskógskirkjugarði.

Magnús S. Jóhannsson

Svava Björg Jóhannsdóttir

Aðalheiður H. Jóhannsdóttir

Sæunn S. Jóhannsdóttir

Bergþóra Jóhannsdóttir

Kristín S. Jóhannsdóttir

barnabörn og langömmubörn.



Sigþóra Sigurjónsdóttir

Björn Kjartansson

Þorleifur R. Sigvaldason

Rúnar Steingrímsson

Jón Valur Sverrisson

Kristinn Snæbjörnsson

barnabörn og langömmubörn.



Elskulegur sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

RAGNAR SIGURGEIRSSON

Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á bráðamóttöku Landspítalans þriðjudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 28. febrúar kl. 13.00.

Lilja Tómasdóttir

Þorlákur Guðmundsson

Helena Ragnarsdóttir

Hjalti Þór Ragnarsson

Andri Ragnarsson

barnabörn og barnabarnabörn, bræður og systur.

Álfhildur Hjördís Jónsdóttir

Kristrún Hauksdóttir

Rósa Ólafsdóttir



Elskuleg systir mín, mágkona og frænka,

BIRNA HELGADÓTTIR

frá Leirhöfn,

lést 12. febrúar á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 24. febrúar kl. 13.00.

Hildur Helgadóttir

og systkinabörn.



Sigurður Þórarinnsson

Dýrleif Andrésdóttir

Pétur Einarsson



Ástkær sonur minn, sambýlismaður, bróðir og mágur,

PÉTUR PÉTURSSON

Háagerði 71,

lést á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi 29. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Hjördís Ágústsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Anna Sigríður Pétursdóttir

Guðmundur Ágúst Pétursson

Sturla Pétursson

Bryndís Pétursdóttir

Hulda Björg Sigurðardóttir

Rósa Þorvaldsdóttir



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



BÍÓ Á SKAGASTRÖND

Kvikmyndahátiðin *The Weight of Mountains* verður haldin dagana 21. til 23. febrúar. Hún er fyrsta kvikmyndahátiðin sem haldin er á Skagatrönd. Þema hátiðarinnar er Maðurinn og umhverfi hans. Hátiðin er í höndum Nes listamiðstöðvar. Sjá nánar á www.huni.is.t



SKEMMTILEG NÝJUNG
Stórglæsilegur forréttur frá Holta.

Síðar peysur

Str. 40-56/58

kr. 12.900.-

Litir: svart, coral, drapp

"Nýtt kortatímabil"



Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is

Við erum á Facebook

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn *Eldað með Holta* á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn *Eldað með Holta* á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklinga-terríne með tíuberjasósu.

Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

KJÚKLINGA-TERRINE MEÐ TÍUBERJASÓSU

FORRÉTTUR FYRIR 10-14

Kjöt af 1 kjúklingi, u.þ.b. 600 g hakkað
200 g kjúklingalifur, hökkuð
300 g gríspeskk, hakkað
4 skorpulausar brauðsneiðar
1 egg
½ dl mjólk
1 dl hvítvín
½ dl sjerrí
1 dl pistasíur
1 dl niðursoðin skinka í dós, í teningum
15 g þurrkaðir sveppir, lagðir í volgt vatn í 20 mínútur, sigtið þá safann frá
2-3 tsk. kryddblanda
2 tsk. salt
10 beikonsneiðar
2 rósmaringreinar
2 lárviðarlauf
4 timjangreinar

Maukið saman egg, brauð og mjólk í matvinnsluvél og blandið saman við allt hakkið ásamt hvítvíni, sjerrí, pistasíum, skinku, sveppum og 3 tsk. af kryddblandunni og 2 tsk. af salti. Blandið öllu vel saman. Skerið smjörpappír þannig að hann passi í pate-form og leggið rós-marín, lárviðarlauf og timjan ofan á

hann miðjan. Leggið beikonsneiðar ofan á kryddin. Færið í formið og fyllið með hakkblöndunni. Leggið smjörpappír yfir og bakið í vatnsbaði við 95°C í 2 klst.

Berið fram kalt í sneiðum með tíuberjasósunni, salati og brauði.

TERRINE-KRYDDBLANDA

1 tsk. fennelfræ, steytt
1 tsk. lárviðarlauf, steytt
1 tsk. pipar, steyttur
1 tsk. timjan, steytt
1 tsk. maríam, steytt
1 tsk. basil, steytt
1 tsk. múskat, steytt
1 tsk. hvítlauksduft
1 tsk. engiferduft
Allt blandað vel saman
Það eru bara notaðar 3 tsk. af kryddblandunni í þetta magn af terríne. Geymið restina þar til næst er lagað terríne.

TÍUBERJASÓSA

2 msk. olía
1 msk. laukur, smátt saxaður
1 tsk. rósapípar
1 tsk. kóriander
rifinn börkur af 1 appelsínu



rifinn börkur af ½ sítrónu
1 tsk. engiferrot, smátt söxuð
1 tsk. worchestershire-sósa
1 dl portvín
2 msk. edik
½ dl appelsínusafi
1 krukka tíuberjasulta eða rífsberja-hlaup

Látið lauk krauma í potti í 1 mínútu. Bætið þá öllu nema sultunni í pottinn og sjóðið við vægan hita í 3-4 mínútur. Bætið þá sultunni í pottinn og sjóðið við vægan hita í 1 mínútu. Kælið. Þessi sósa passar einnig vel með paté, rillet og mousse.

Blómastofan Glitbrá

Opnar laugardaginn 22. febrúar
við Hafnargötu 54 Reykjanesbæ

Í tilefni að því ætlum við að vera með
ýmiskonar opnunartilboð.

Opið verður á sunnudaginn 23. febrúar,
Konudaginn frá 08:00 til 20:00

Verið velkomin í Blóma og gjafavörverslunina
Blómastofan Glitbrá

Opnunartímar: Virkir dagar: frá 11:00 – 18:00. Helgar: 12:00-17:00
Sími: 421-4242 netfang: gr.glitbra@gmail.com

HEILSURÉTTIR

065

Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr

980 | 1340

Lægra verð

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum.
Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

Án salts og sykurs.



Toppur
99 kr.
með öllum
heilsuréttum Nings
í Janúar 2014

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is

NINGS

BÍLAR & FARARTÆKI



VW Multivan Comfortline 7 manna. Árgærd 2007, ekinn 53 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.580.000. Rnr.104182.



RENAULT Trafic. Árgærd 2008, ekinn 99 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 1.980.000. með VSK. Rnr.104150.



TOYOTA Landcruiser 120 GX. Árgærd 2004, ekinn 149 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.104147.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18
www.bilalif.is



VW Caddy 7 manna dísel. Árgærd 2013, ekinn 13 P.KM, dísel, 5 girar. Verð 3.990.000. Rnr.203384.



Höfum á staðnum nokkur ný Hobby hjólhýsi. Góð verð. S:4312622/8932621/8632622

Bílasalan Bílas Akranes
Smíðuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas



ÓDÝR !
Toyota Aigo árg 03/2007 ek 117 þ.km 5 girar, allur TIPP TOPP verð aðeins 890 þús !!!



DIESEL 7 MANNA !
Suzuki Grand Vitara XL-7 DIESEL 10/2003 5 girar ek 164, 7 MANNA, mjög gott ástand verð 1190 þús !!!



ÓDÝR !
Suzuki Grand Vitara 05/2005 ek 169 þ.km allure yfirfarinn gott ástand verð aðeins 790 þús !!!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



NISSAN Qashqai se dísel. Árgærd 2012, ekinn 40 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 3.590.000. Rnr.160957.



MERCEDES BENZ A 220 cdi. Árgærd 2013, ekinn 8 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.160925.



KIA Sportage ex 4wd 112 hö. Árgærd 2012, ekinn 47 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.160463. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KAWASAKI Kvf750 a7f. Árgærd 2007, ekinn 2 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.300488. Á staðnum.



ARCTIC CAT M1100 turbo. Árgærd 2012, ekinn 4 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.350.000. Rnr.300557. Á staðnum

Bílasalan Planid
Korputorgi, Reykjavík
Sími: 517 0000
Opíð virka daga mán - fös 10-18
www.planid.is



NÝ ADRIA HJÓLHÝSI
ÚTSALA, Eignum til ný Adria hjólhýsi í nokkrum stærðum og gerðum á frábærum verðum, Ekki missa af þessu, komdu til okkar og skoðuðu úrvalið, ATH takmarkað magn, Eru í salnum hjá okkur,

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15
http://www.isband.is

Bílar til sölu



Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bíllinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirásbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - 5.522000

250-499 þús.



LÍTÍÐ EKINN - EINN EIGANDI
Renault Clio Sport 1.4 00" ek. aðeins 104þkm!!! búið að skipta um tímareim 5dyra bs,heilsársdekk kastarar,spoiler,filmur,eyðsla 5l Verð 420.000kr TILBOÐ 290þ stgr Upplis 666-0675

500-999 þús.



TILBOÐ 790.000KR.
Eyðslugrannur gullmóli. Citroen Picasso árg. 07. Ek. 128.000. Ný smurður. Ásett verð 900.000kr. TILBOÐ 790.000KR. Uppl. í s. 8233344

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!
98-05"árg. á allt að 300 þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bátar



STRANDVEIÐIBÁTUR TIL SÖLU.
TILBOÐ ÓSKAST.
DNG rúllur Viking 700 - dekkður. Nonni KE 151 / 7196 Yanmar 75 hp 24 V kerfi, lagt fyrir 3 vindum. VHF, radar, dýptarmælir, sjálfstýring, STK. Verð 7.9 millj. Ýmis Skipti koma til greina. Tilboð óskast. Uppl síma 696-1001

Bílaþjónusta



Smíðum og forritum flestar gerðir billykla á meðan beðið er Timapantanir óþarfar

Neyðarþjónustan
Skútuvogur 11 • s: 510-8888

Varahlutir



FELGUR
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

EIGUM VARAHLUTI Í PESSA KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIF.

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi. Hyundai Accent-Trajat, Dodge Caravan, Peugeot. Kia Sportage-Volvo S70, Mazda 323, Opel Astra. Bílar&Partar 421-7979 bílarogpartar.is

SMÁPARTAR.IS

Eignum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Volkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escaper. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmm carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

ÞJÓNUSTA


Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

Garðyrkja



Bókhald
Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

SENDIBILL.IS
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



PARKETSLÍPUN REYKJAVÍKUR
Parketslípun um allt land. 20 ára reynsla. Aðeins hágæða efni. www.parketslipunrvk.is S. 7728100. Geymið auglýsinguna. Alltaf besta verðið.



Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- murviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningsvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- gjerskipti
- pipulagnir
- raftagnar
- físalagnir
- jarðvinna
- heilulagnir


Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

bíland

- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



RENAULT Megane RS Rurbo. Nýskr. 06/09, ekinn 40 P.KM, bensín, 6 girar. Verð 2.880.000. Rnr.141709.



TOYOTA Hilux Double Cab SR. Nýskr. 06/07, ekinn 103 P.KM, dísel, sjálfskiptur, hús, beisli og heithúðun. Verð 3.820.000. Rnr.141877.



BMW X3 2.0d. Nýskr. 01/06, ekinn 238 P.KM, dísel, 6 girar. Verð 1.980.000. EINN EIGANDI. Rnr.281388.



MMC Pajero Instyle 35". Nýskr. 04/07, ekinn 122 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.770.000. Rnr.281264.



Jeep Grand Cherokee Limited. Árgærd 2006, ekinn 116 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.470.000. Rnr.141947.



BMW X5 3.0i. Nýskr. 05/06, ekinn 126 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.191177.

VW Polo Comfortline. Nýskr. 08/00, ekinn 152 P.KM, bensín, 5 girar. Verð 490.000. 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.141882.

Kletthálsi 11
525 8000
www.bilaland.is

Lífið

FÖSTUDAGUR
21. FEBRÚAR 2014

*Ásgrímur Már Frið-
riksson fatahönnuður*
**ALBÍNÓAR VORU
INNBLÁSTUR
LÍNUNNAR 2**

*Helga Kristjáns förð-
unarfræðingur*
**MEÐ TUTTUGU
VARALITI Í TÖSK-
UNNI 4**

*Hugrún Árnadóttir og
Magni Þorsteinsson*
**OPNA KRON
KRON-VERSLUN
Í FÁKASELI 8**

Steinunn Vala Sigfúsdóttir

UPPHAFLEGI HRINGURINN BÚINN TIL ÚR AFGÖNGUM



FRÉTTABLAÐIÐ

► visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

Það var margt um manninn á frumsýningu Fyrirgefðu ehf. um síðustu helgi. Verkið er skrifað af Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur, en leikstjórnin var einnig í hennar höndum.



Á frumsýningunni mátti sjá Þorvald Kristinsson höfund, Maríu Ellingsen leikkonu, **Egil Ólafsson** tónlistarmann og **Tinnu Gunnlaugsdóttur** þjóðleikhússtjóra.



Þá mátti einnig sjá Brynju Þorgeirsdóttur fjölmiðlakonu, Tyrfinng Tyrfinngsson leikskáld, Jón Viðar Eggertsson og **Hlín Agnarsdóttur** gagnrýnendur.



Instagram



Miroslava Duma
Instagram.com/miraduma

Rússneska tískufyrirmyndin og götu-tískustjarnan Miroslava Duma er mjög virk á Instagram þar sem hún birtir myndir af sér í fallegum fötum á meðan hún flakkar á milli tískuvikna í heiminum. Eitthvað fyrir þá sem hafa gaman af götutísku og fögrum klæðum.

Pinterest



DIY-Boards

Pinterest.com/diyboards/

Með 261.503 fylgjendur er þessi síða með eitt stærsta samansafn af hlutum sem hægt er að föndra sjálfur á Pinterest. Allt frá kertastjökum til stóla og rúmgaffla. Sá sem er sniðugur í höndunum ætti að kanna allar hugmyndirnar sem er að finna þarna fyrir framtíðarverkefni.

HÖNNUN NÝTT UPPHAF FYRIR UPPRENNANDI ÍSLENSKAN FATAHÖNNUN

Útskriftarlína Ásgríms Más Friðrikssonar fatahönnuðar rataði í skoska tískutímaritið Salt & Vinegar Magazine.

„Þetta er útskriftarlínan mín frá síðasta vori úr Listaháskólanum en tvisvar á ári fara nokkrir sérvaldir nemendur úr skólanum til Kaupmannhafnar og sýna á tískuvíkunni. Þá taka nemendurnir þátt í hönnunarkerppni á vegum Designers Nest ásamt nemendum frá öllum skólum á Norðurlöndunum. Þar vaknaði einhver áhugi á línunni minni hjá aðilum frá Salt & Vinegar Magazine,“ segir Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður þegar hann er spurður út í íslenska tískuþáttinn sem birtist í skoska tískutímaritinu í vikunni. Flíkurarnar vöktu athygli fyrir að vera allar hvítar. „Ég vissi að mig langaði að vinna með hvíta litinn því hann táknar nýtt upphaf og ég var með eins konar endurfæðingarhugmyndir því ég er örlítið „Sci fi“-nörd í mér,“ segir hann hlæjandi. Ásgrímur segist hafa skoðað myndir af albínóum, og þá sérstaklega dýrum, og notað sem innblástur ásamt því að blanda saman hvítum tónum úr alls konar efnum. „Ég bætti inn í línuna vöfðum hálmstráum til að hafa einhvers konar andstæður svo að línan yrði ekki of hrein og vélræn.“ Ásgrímur Már stefnir á að gera nýja fatalínu með haustinu en hann deilir lokaðri vinnustofu með sjö öðrum upprennandi hönnuðum í miðbænum. Hægt er að skoða hönnun hans nánar á asiceland.com.



Ásgrímur Már Friðriksson



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Stehmann buxurnar eru komnar aftur!



LAUGAVEÐI 80 ■ TEL: 561 1330 ■ WWW.SIGURBOGINN.IS

BARNAFATATÍSKAN

LIFNAR VIÐ Í MIÐBÆNUM

Hönnunar- og framleiðslufyrirtækið Ígló og Indí opnar nýja verslun um helgina í hjarta miðborgarinnar.

„Við erum fullar tilhlökkunar að opna verslun í miðbænum á ný, í húsi sem er í anda merkisins. Við söknum miðbæjarins gríðarlega mikið og það er búið að vera markmið okkar að opna verslun þar aftur, alveg síðan við misstum húsnæðið á Laugaveginum fyrir tæplega tveimur árum,“ segir Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Ígló og Indí.

Nýja verslunin verður opnuð á Skólavörðustíg 4 um helgina og er undirbúningur í fullum gangi. Verslunin í Kringlunni heldur áfram að dafna en einnig eru vörur frá Ígló og Indí seldar í tólf verslunum víðs vegar um landið. „Við ætlum okkur aldrei að yfirgefa miðbæinn en okkur bauðst ekki húsnæði sem hentaði fyrir en núna. Staðsetningin skiptir svo miklu máli. Skólavörðustígurinn er í mikilli uppbyggingu og nú er kominn þéttur og góður



Helga Ólafsdóttir yfirhönnuður og Guðrún Tinna Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Ígló og Indí.

kjarni verslunarfólks á þessu svæði sem er að sinna sínum verslunum einstaklega vel.“ Áfram verður lögð rík áhersla

á barnahornið og hlýleikann í nýju versluninni og allt annað sem viðkemur Ígló og Indí heiminum.

Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Daniel Rúnarsson**



TREVOR SORBIE
professional

NÝTT ÚTLIT

HÁRLÍNA ÞRÓUÐ AF FÆRUSTU HÁRSNYRTUM TREVOR SORBIE.
ALLAR VÖRURNAR ERU ÁN PARABENEFNA.



SNYRTI- BUDDAN

Helga Kristjáns er blaðamaður, fərðunarfræðingur og stílisti hjá Vikunni. Hún farðar einnig fyrir forsíður Nýs lífs og er með snyrtivörubrúhyggju á hæsta stigi.

Hún segist sífellt vera að skipta um snyrtibuddur og segir krem, hyljara, maskara og augabrúnablýant algera nauðsyn dagsdaglega. MAC-snyrtivörurnar eru í uppáhaldi en þeim vörum hefur hún kynnst vel í gegnum vinnu sína. „Í handtöskunni minni taldi ég um daginn 20 varaliti og gloss, þannig að ég þarf aldrei að hafa áhyggjur af því að vera ekki með rétta litinn á mér,“ segir Helga sem valdi uppáhaldssnyrtivörur sínar.



Helga Kristjáns

MYND/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON.



Ég var að kaupa kinnalitinn Flower Power frá Gosh en ég hafði heyrt nokkra af uppáhalds bjúttibloggurunum mínum tala um hann.



Ég fíla HD-hyljarann frá NYX og það jafnast ekkert á við Butt-er-glossin frá NYX. Uppáhaldsliturinn minn heitir Crème Brûlée.



Chanel-maskarann nota ég þessa dagana, hann er virkilega peninganna virði.



Krem er nauðsynlegt og Strobe-kremið frá MAC er himneskt til að fá ljóma.



Meikið sem ég nota í dag er blanda af YSL Youth Liberator og Healthy Mix Serum-meikinu frá Bourjois. YSL Youth Liberator og Healthy Mix Serum-meikið frá Bourjois.



Fərðunarbústar frá Real Techniques eru í snyrtibuddunni.



Augnárabrettarinn frá Shu Eumura er einstaklega góður.



Augnskugginn sem er í mestu uppáhaldi er liturinn Mulch frá MAC, sem er næsti bær við hliðina á Sable sem hefur verið í toppsæti hjá mér síðustu árin.

GRÓA ÁSGEIRSDÓTTIR

48 ÁRA VERKEFNASTJÓRI SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐS FLUGFÉLAGS ÍSLANDS OG EIN AF FORSVARSKONUM Á ALLRA VÖRUM.

Algjört undraefni

Eva Ólöf Hjaltadóttir segir að sér hafi ekki liðið vel í langan tíma áður en hún kynntist Femarelle. „Ég er á lyfjum vegna sykursýki og sjúkdóms í skjaldkirtli. Ég þyngdist vegna lyfjana, hef auk þess þjáðst af gigt með tilheyrandi verkjum. Mér fannst óþægilegt að vera innan um margt fólk og var farin að finna fyrir þunglyndi. Einnig átti ég erfitt með að vera í hávaða og var að einangrast gagnvart félagslífi. Núna hef ég tekið Femarelle inn í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn minn, fer í sund á hverjum degi, sæki félagsvist og bingó.“



- 1 Þegar ég var ung... þá fór ég með 1 hárlakksbrúsa á viku.
- 2 En núna... nota ég gloss eins og enginn sé morgundagurinn.
- 3 Ég mun eflaust aldrei skilja... hvers vegna kona og karl sem vinna sömu störfina fá ekki sömu laun.
- 4 Ég hef ekki sérstakan áhuga á... krossgátum en hendi stundum í eina Sudoku.
- 5 Karlmenn eru... flestir bestu skinn og nauðsynlegir í og með.
- 6 Ég hef lært að maður á alls ekki... að dæma það sem maður þekkir ekki.
- 7 Ég fæ samviskubit þegar... ég borða of mikið af súkkulaði...en svo líður það hjá.
- 8 Ég slekk á sjónvarpinu þegar... ég fæ gesti og þegar síbýljan ærir mig.
- 9 Um þessar mundir er ég mjög upptekin af... því að skipuleggja sumarið og gólfímabilið.
- 10 Ég vildi óska þess að fleiri vissu af... flugtilboðum Flugfélags Íslands.



Gróa Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri sölu- og markaðssviðs Flugfélags Íslands.

Ég hef lært að maður á alls ekki að dæma það sem maður þekkir ekki.

Heimsfrægur heimsklassa söngleikur á heimsmælikvarða

Fyrir alla fjölskylduna!



★★★★★
Daily Star

★★★★★
Daily Telegraph

Frumskýning 21. febrúar

ÚR SMÍÐJU

MONTY PYTHON SPAMALOT™

Verðlauna *tímamóta* söngleikur byggður á kvikmyndinni
MONTY PYTHON and the Holy Grail

Örn Árnason, Selma Björnsdóttir, Mاریus Sverrisson
Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ævar Þór Benediktsson
og Stefán Karl Stefánsson

STEINUNN VALA LANGAÐI BARA AÐ VERA HEIMA OG PRJÓNA

Í dag rekur Steinunn Vala Sigfúsdóttir handverks- og framleiðslufyrirtækið Hring eftir hring. Fyrir nokkrum árum tók hún mikilvæga ákvörðun um að fylgja hjartanu og segist vera lánsöm að starfa við það sem hún hefur unun af. Lífið ræddi við hana um fyrirtækið sem er í stöðugri þróun, íslenskt handverk, eftirlíkingar og annasamt líf með stóra fjölskyldu.

Það gerðist bara einn daginn að ég sá hlutina í nýju ljósi, eins og það rofaði til í huga mér og mig langaði allt í einu bara að vera heima og þrjóna lopapeysur frekar en vinna áfram sem verkfræðingur. Ég hafði lagt allan minn metnað í verkfræðina í þeim tilgangi að læra eitthvað praktískt og merkilegt og tók líka þátt í unglíðapólitíkinni með það í huga að verða menntamálaráðgjafi einn daginn,“ segir Steinunn Vala Sigfúsdóttir hlæjandi þegar talið berst að aðdraganda Hring eftir hring ævintýrsins. Hún stóð á tímamótum í lífi sínu, ófrísk að þriðja barni og þræði ekkert heitar en að synda á móti straumnum.

Steinunn Vala fékk leyfi frá vinnunni á arkitektastofunni sem hún starfaði á og ákvað að sækja um í myndlist í Listaháskólanum til að ýta undir sköpunargáfuna og láta gamlan listakonudraum rætast. „Í undirbúningsnámi fyrir inntöku í Listaháskólann var rík áhersla lögð á að horfa inn á við og ég áttaði mig á því að ég hef verið að búa til skartgripir allt mitt líf. Ég hafði alltaf búið til fylgihluti til að poppa lúnu og margnotuðu flískurnar mínar upp því ég var alltaf svo blönd. Eitt af verkefnum mínum gekk út á að sýna að hægt væri að gera skart úr öllu í kringum þig, sama hvað það er. Upphaflegi hringurinn minn var því búinn til úr afgöngum, ef svo má að orði komast.“

Hringurinn vakti strax athygli
Hver er sagan á bak við fyrsta hringinn?

„Allt þetta ævintýri mitt hefur verið tekið í litlum skrefum. Ég bjó til einn hring úr leir og gekk með hann sjálf. Alls staðar sýndi fólk áhuga á að eignast slíkan hring og ég fann því fljótt að

þetta gæti orðið dýrmætt verk efni. Það var frekar snemma sem ég setti mér það langtíamarkmið að búa til vörumerki með stefnunni á að stækka og fá hönnuði til að starfa í fyrirtækinu. Það er lykilatriði að fá fjárfesta en þeir vilja fjárfesta í einhverju sem er raunhæft og eftirsóknarvert. Ég get ímyndað mér að fæstir hönnuðir viti í byrjun hvernig fjárfestar eru aðgengilegir. Verkfræðinamið hefur því nýst mér einstaklega vel. Ég hugsa þetta í eins konar ferli og reikna allt út á hagkvæman hátt. Núna erum við að safna okkur tengslaneti og reynslu. Með reynslu tekurðu betri ákvarðanir, heldur utan um framleiðendur, fjárfestana, lagerinn og sölustaði. Á Íslandi eru rosalega margir að gera flotta hluti og það er frjáls hönnun sem er tekið eftir erlendis. Margir gefast þó upp á rekstrinum sem fylgir því að vera með eigið vörumerki því það tekur langan tíma að ná uppskeru.

„Hvaðan kemur nafnið Hring eftir hring?“

„Ég hef alltaf átt erfitt með nöfn, dúkkan mín hét Dúkkan hennar Steinu. Hesturinn minn fékk aldrei nafn heldur og hét bara Hesturinn hennar Steinu. Þegar mig vantaði nafn á fyrirtækið þá leitaði ég til mágkonu minnar sem kom með hugmyndina. Mér þótti nafnið henta vel enda vísar það til þess að hlutirnir hafa tilhneigingu til að fara í hringi og mér fannst ég sjálf hafa farið í hring þegar ég gerði fyrsta hringinn. Og svo var ég líka að gera hring eftir hring eftir hring.“

Ef þú lítur til baka, hefðir þú þá jafnvel frekar átt að feta listabratina upphaflega í stað þess að fara í verkfræðina?

„Ég sá ekkert praktískt við að læra hönnun eða myndlist þegar



NAFN:

Steinunn Vala Sigfúsdóttir

ALDUR:

34 ára síðan 8. janúar sl.

STARF:

Ég er skartgripahönnuður hjá Hring eftir hring en mestur tími fer reyndar í allt annað en hönnunina, hann fer í að halda utan um, byggja upp og reka fyrirtækið.

HJÚSKAPARSTAÐA:

gift Stefáni Eiríks Stefánssyni.

BÖRN:

Snorri Þór, 8 ára, Friðrik Trausti, 7 ára, og Nikulás Flosi, 4 ára.

20% Meiri árangur BEETELITE

örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax.

Betra blóðflæði, **30%** æðaútvíkkun, **30%** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrennsla, **20%** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar.

Bættir árangur íþróttafólks allt að **16-20%**

Örvar upptöku annara vítamína, fæðubótarefna.

Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt
1 skot 30 mín. fyrir æfingar
blandað í 150 ml af vatni.
Endist 6 tíma í líkamnum.
Bætt blóðflæði 30 mín.
eftir inntöku.

Fæst í **World Class**,
apótekum og heilsubúðum

BEETELITE NeoSHOT
CONCENTRATED SWEETENED BEETROOT CRISTALS

N-O index	Stingur keppinautana af 1. bréf af NeoShot = 1 líter af rauðrófusafa
700	
600	
500	
400	
300	
200	
100	
0	

NEOGENIS SPORT

Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998 - Sameind ársins 1992

Hvað gerir **SILDENAFIL** The release of **nitric oxide** molecules causes erection.

Umboð: www.vitex.is

ég stóð frammi fyrir valinu á háskólanámi, sem þó var í raun það sem mig langaði mest til. Mér þótti ólíklegt að það gæti gengið upp hjá mér að lifa af sem listamaður og sjá fyrir fjölskyldu í leiðinni en sem betur fer hef ég áttað mig á því að raunveruleikinn er annar. Verkfræðin heldur mörgum leiðum opnum varðandi framhaldsnám og eins sá ég fyrir mér að ég gæti tengt hana við húsaönnun seinna meir. Ég sé ekki eftir náminu mínu. Ekki í eina mínútu. Ég lærði margt í verkfræðinni sem nýtist mér núna við uppbyggingu Hring eftir hring og rekstur fyrirtækisins. En það dýrmætasta sem ég lærði þar var að takast á við það sem manni þykir erfitt og stundum óyfistíganlegt, vinna verkið og leysa það að lokum. Það er besta sjálfstyrking sem ég þekki, að gefast ekki upp þó þú vitir ekki hver lausnin er í raun, fyrr en eftir á. Því yfirleitt er það auðveldara en maður heldur og það vekur hjá manni sigurtílfirringu og gefur manni þá vissu að maður sé sterkur og sjálfstæður einstaklingur.“

Hugsjón Steinunnar Völu varðandi Hring eftir hring er skýr rétt eins og markmiðin hennar. „Ég hugsa þetta sem ævistarfar. Allt sem við gerum hjá Hring eftir hring er gert með það fyrir augum að fyrirtækið verði sjálfbært, að það verði þekkt á al-

þjóðamarkaði sem gott og vandað hönnunarfyrirtæki sem búi yfir góðri þekkingu á framleiðslu, dreifingu og sölu hönnunarvara. Þannig getum við boðið fleiri hönnuðum góð atvinnutækifæri og stuðning við að koma hugmyndum sínum og vörum á framfæri. Mikið af tíma mínum fer í að mynda, rækta og efla tengsl við mikilvæga samstarfsaðila erlendis. Tengslanetið er mjög mikilvægt. Bloggarar, blaðamenn, ritstjórar, eigendur hönnunarverslana, umboðsmenn, kynningarfulltrúar, framleiðendur, aðrir hönnuðir, sýningarstjórar, ljósmyndarar og próffessorar hjá háskólum – allt þetta fólk er mikilvægt í þessu ferli.

Allt skartið er byggt á einhvers konar handverki

Segðu örlítið frá samstarfi þínu við handverksfólk víða um land.

„Ég hef alltaf viljað geta útvegad góð störf fyrir fólk, bæði hér í borginni og úti á landi, og er mjög upptekin af handverksfólki. Ætli ég hafi ekki einnig orðið örlítið pirruð af leirnum sem ég vann með og langaði að vinna með fagfólki sem byggir yfir sérþekkingu og tækjabúnaði þannig að erfiðara væri að herma eftir vörum. Þegar ég ákvað að gera nýja línu sem nefnist Teboðið leitaði ég til tannsmíða en þeir vinna ótrúlega nákvæmnisvinnu sem gaman

er að kynnast. Leirlistakona gerir fiskana og hina postulínshlutina fyrir mig og einnig vinn ég með Mugga húsgagnasmíð sem gerir tréslaufurnar. Gullsmíður smíðar fyrir okkur hringana í Teboðslínu. Handverk tel ég afar mikilvægt að haldist á lífi, rétt eins og mikilvægt er að við þekkjum tungumálið okkar, kunnum að lesa og skrifa og vitum hvaðan mjólkinn og kjótið kemur, því að þó tæknin hjálpi okkur og opni margar dyr þá er handverkið grunnurinn. Ég hef mikla ástríðu fyrir handverki og hef sjálf unun af því að vinna með höndunum.“

Eftirlíkingar geta verið skrautfjöldur í hattinn

Skartið þitt hefur notið mikilla vinsælda og þá virðast eftirlíkingar fylgja í kjölfarið. Hvað finnst þér um það?

„Það er ekki alsæmt að gerðar séu eftirlíkingar af vörum þínum. Það jákvæða er að með eftirlíkingunum fylgir viðurkenning á því að þú hafir búið til eftirsóknarverða vöru. Stundum hefur það verið notað sem skrautfjöldur í minn hatt þegar ég hef verið kynnt fyrir erlendum aðilum í fyrsta sinn: „Þetta er Steinunn Vala skartgripahönnuður. Það er ótrúlegt hversu margir hafa reynt að gera eftirlíkingar af skartinu hennar á Íslandi.“ En vissulega eru mörg vandræði sem fylgja eftirlíking-

Sú tilhugsun, að fleiri fái að njóta, drífur mig áfram.

Fólk sem hefur unun af því að vinna með höndunum, eins og ég sjálf.



Svona verða skartgripirnir til í öllum regnbogans litum

um. Þær villa um fyrir neytendum. Oftast eru gæði eftirlíkinganna léleg, enda forsenda þess að það sé þess virði að búa til eftirlíkingu sú að hún kosti minna en upprunalega varan. Það er mikil kúnt að búa til góða og vandaða vöru sem búin er til af fólki við mann-sæmandi aðstæður og þolir álagningu hönnuðarins, vörumerkisins, framleiðandans, sölustaðarins og ríkisins. Allir þessir þættir eru mikilvægir og nauðsynlegir. Við viljum hafa búðir, ekki satt? Við viljum ganga að því vísu að við getum skipt vöru, fengið nýja og heyrst söguna á bak við vöruna. Við viljum geta eignast annan stól við borðstofuborðið sem er af sömu gerð og hinir. Allt kostar það sitt. Við viljum líka að hönnuðir hanni hluti fyrir okkur. Fólk sem hefur menntun, þjálfun og reynslu af að búa til hluti sem endast, eru umhverfisvænir, hagkvæmir, fállegir með góða notkunarmöguleika. Við viljum líka hafa vörumerki eða fyrirtæki sem halda utan um allt saman því án þeirra værum við ein, hver í sínu horni að halda uppi mörgum diskum í einu – það er ekki góð nýting á tíma.“

Lífið gengur upp

Íslenskar konur vinna mjög mikið ásamt því sem þær sinna öllu sem viðkemur fjölskyldulífinu. Hvernig hefur þér tekist að sameina krafta þína á þessum sviðum í miðri uppbyggingu á fyrirtæki?

„Ég hugsa um það daglega hversu lánsöm ég er, að hafa tök á því að vinna við það sem ég hef mesta ánægju af að gera. Bara það eitt, að finna sína réttu hillu í lífinu, er dýrmætt og gefur manni heilmikla orku. Einnig á ég mann sem tekur þátt í uppeldinu og fjölskyldulífinu til jafns við mig. Ég á heilsuhrausta stráka sem bjarga sér eins og þeir geta, svo þetta reddast allt einhvern veginn. Oft skipti ég vinnudeginum í tvennt. Vinn aftur á kvöldin þegar strákarnir eru komnir í háttinn en hef í staðinn tíma fyrir fiðlutíma og skutl í lok skóladags. En ákveðir þú að reka inn nefið til mín í kaffi þá eru yfirgnæfandi líkur á að þú þurfir að setjast ofan á þvottahrúgu í sófanum og kannski þú stígir á eins og einn legókubb (já, eða hundrað kubba) líka, svo ekki fara úr skónum.“

Sér falleg augnablik úti um allt

Hvað veitir þér innblástur í hönnuninni?

„Sú tilhugsun, að fleiri fái að njóta, drífur mig áfram. Fólk sem hefur unun af því að vinna með höndunum, eins og ég sjálf. Frumraun okkar í þessa átt er skartgripalína sem við munum frumsýna á Hönnunarmars og heitir Hryggur. Hún er sköpunarverk Jóns Helga Hólmgeirssonar vörhönnuðar og samanstendur af bindi fyrir herra, bindi fyrir dómur, hálsmeni fyrir bæði og armband. Annars veiti ég mörgu í umhverfi mínu athygli og er eiginlega alltaf að horfa í kringum mig. Ekki af forvitni endilega, heldur sé ég bara falleg augnablik úti um allt. Ég tek til dæmis alltaf eftir höndum á fólki og handa-hreyfingum. Hvernig fingurnir hreyfast og hvernig fólk beitir höndunum. Fólk er eitt af því sem ég hef mestan áhuga á og ég veit fátt skemmtilegra en að kynnst ólíkum einstaklingum.“

Pågen



Mundu eftir trefjaríku
Pågens brúðunum á
morgunverðarborðið,

fínar og grófar,
stökkar og ljúffengar.



FATASKÁPURINN HILDUR EINARSDÓTTIR

Hildur Einarsdóttir er glæsileg kona sem starfar sem markaðsfulltrúi á auglýsinga-
deild Vísis og er gift fótoltamanninum Gunnleifi Gunnleifssyni. Hún lýsir sjálfri sér sem
strákastelpu því áhugamálin eru á margvíslegum sviðum. Börnin og eiginmaðurinn eru
það mikilvægasta í lífinu og uppáhaldshönnuðurinn er Andrea. „Ég er fótboltafíkill með
tískublæti á háu stigi. Ég hef einstaklega gaman af öllu sem viðkemur tísku, heilsu og
fegurð. Ég horfi á enska boltann og er harður stuðningsmaður Manchester United.“



1 Rósarpeysan Peysuna fékk ég í netversluninni Yrju (yrja.is). Ég hef notað þessa peysu alveg ótrúlega mikið og finnst liturinn á henni alveg sérstaklega skemmtilegur, svona róm-antískt bleikur.

2 Palliettukjöllinn Þessi kjöll er minn öryggiskjöll. Ef ég veit ekki í hvað ég á að fara þá get ég alltaf hoppað í þennan kjól og blandað við aðrar flíkur og voila! Ég er til í hvað sem er. Ég fékk hann í H&M fyrir göðum 5 árum og hann er alltaf eins.



3 Rósarpeysan Peysuna fékk ég í netversluninni Yrju (yrja.is). Ég hef notað þessa peysu alveg ótrúlega mikið og finnst liturinn á henni alveg sérstaklega skemmtilegur, svona róm-antískt bleikur.



4 Jakkin Þennan hvíta jakka fékk ég í H&M í Árósum síðasta haust. Sníðið á honum er að mínu mati fullkomið og hann hentar við nánast allt.

6 Pelsinn Ég fór í stelpuferð með vinkonunum til Berlínar haustið 2012 og fann þennan dýr-grip á skemmtilegum útmarkaði þar í borg. Þetta er ein af mínum uppáhaldsflíkum með tilliti til þess í hvaða ferð ég fékk hann, hvað hann var hlægilega ódýr og hvað ég kolféll fyrir honum við fyrstu sýn.

5 Íþróttaskórnir Þeir voru gjöf frá eiginmanninum einn daginn. Þetta eru Air Pegasus-hlaupaskór sem ég reyndar nota meira dagsdaglega en í hlaup. Þeir eru ekki bara einstaklega þægilegir heldur eru þeir ekkert smá flottir við gallabuxur og góða peysu.



Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson, Kron Kron.

TÍSKA NÝ KRON KRON-VERSLUN OPNUÐ Í FÁKASELI

Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson opna nýja verslun á Suðurlandi í Fákaseli en þar er einnig hestaleikhús.

Þar sem Ingólfshvöll stóð áður, milli Hveragerðis og Selfoss, hefur Fákasel opnað dyrnar í allri sinni dýrð. Staðurinn býður upp hestaleikhús með 800 manna sal, veitingastað sem er samtengdur reiðhöllinni í Ölfusi og nýja Kron Korn-verslun þrátt fyrir að eigendurnir séu hvorugt í hestabransanum.

„Við komum sjálfum okkur algjörlega á óvart að fara út í þennan bransa. Fákaselsævintýrið fór í gang fyrir ári og okkur var boðið að fara í samstarf og fannst þetta strax sjúklega spennandi,“ segir Hugrún Árnadóttir, eigandi Kron Kron. „Við opnuðum Kron Kron með áherslu á sveitahlöðina á okkar eigin vörum og höld-

um áfram að vera sögumenn og kynna íslenska hönnuði. Við erum með þessu móti að huga betur að landsbyggðinni, fólki sem á leið hjá og að sjálfsögðu ferðamönnum,“ bætir hún við. Hugrún segir fleiri spennandi verkefni vera framundan en þá ber einna helst að nefna verkefnið sem ber nafnið, Amma mín. „Við höfum verið að grafa upp ýmsar handverkskonur um land allt sem eru ömmur eða langar að vera ömmur einn daginn og segja sögu þeirra. Þannig geta þær einbeitt sér að vinnunni og við sjáum um kynningu á þeirra handbragði undir þeirra formerkjum. Þetta er góður vettvangur fyrir íslenska hönnun og við fáum stöðugt inn nýja hluti í verslunina.“



Kron Kron í Fákaseli.

Þrek og Þokki

Eitt nýjasta og vinsælasta æfingakerfið frá Bandaríkjunum loks í boði á Íslandi

Mótaðu líkamann

á fljótvirkan og öflugan hátt með tækni sem samþættir fitubrennslu, uppbyggingu vöðva og teygjur.

Markmiðið

er að bæta líkamsstöðu og auka líkamsvitund og þokka.

Aukið þol og meiri orka

með markvissri, lifandi og skemmtilegri þjálfun fyrir allar konur, jafnt þær sem eru nú þegar í góðu formi sem þær sem vilja bæta formið.

Einnig frábærar æfingar fyrir hlaupara og skokkara.

6 vikna námskeið hefst 24. febrúar.
Tímar 4x í viku kl. 09.00 - 16.30 og 17.30

Kennsla að Suðurlandsbraut 6b, 2 hæð (fyrir aftan Nings veitingastaðinn).
Upplýsingar og skráning í síma 822 7772 og 892 1598.
soley@studiosoleyjar.is, www.studiosoleyjar.is

www.facebook.com/studiosoleyjar.is



Studio Soleyjar



MÆLUM
MEÐ...

Lífið mælir með Edduverðlaunahátíðinni sem fram fer í Silfurbergi í Hörpu og er sjónvarpað í beinni útsendingu á Stöð 2 á morgun. Þar kennir ýmissa grasa og er kvikmyndin Málmaus meðal annars tilnefnd til 16 verðlauna.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun í
3 mánuði
fylgir!

LG G Flex

139.990 kr. stgr.

8.490 kr. /18 mán.

LG G FLEX er sveigjanlegur snjallsími, sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Sveigður 6" P-OLED skjár, minni glampi, meiri aðlögunarhæfni og bakhliðin gerir sjálf við rispurnar!

Flex er teygjanlegt hugtak

4G
LTE

1.000 kr.
notkun í
3 mánuði
fylgir!



LG G2

89.990 kr. stgr.

5.490 kr. /18 mán.

Traustur og töffaralegur snjallsími sem stendur alltaf fyrir sínu.

4G hjá Nova er í boði á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, í Reykjanesbæ, Skorradal og Grímsnesi.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

INDVERSK VETRARSÚPA OG GRÓFAR SPELTBOLLUR

Tinna Björg Friðþórsdóttir matarbloggari með dýrindisuppskrift að indverskri vetrarsúpu.

Tinna Björg Friðþórsdóttir heldur úti blogginu tinnbjorg.com. Matar- og kökugerð eiga hug hennar allan þegar hún er ekki að læra lögfræði í HR. Á blogginu sínu deilir hún ýmsum húsráðum ásamt matar- og kökuuppskriftum sem hún hefur sankað að sér í gegnum tíðina. Hér deilir hún uppskrift að indverskri vetrarsúpu og grófum speltbollum.

1½ rauðlaukur
3 hvítlauksrif
olía
1 lítil sæt kartafla
4 gulrætur
5 msk. milt karrymalk
2 tsk. karrý
4 msk. tómatur
1½ dl kókosflögur
1 dós kókosmjólk
700-800 ml vatn
grænmetiskraftur
salt
svartur pipar

- Skerið rauðlauk í bita og steikið í stórum potti með olíu ásamt pressuðum hvítlauk í 5 mínútur eða þar til rauðlaukurinn verður mjúkur.
- Afhýðið og skerið sæta kartöflu og gulrætur í teninga. Bætið teningunum í pottinn og steikið áfram í nokkrar mínútur.



Tinna Björg Friðþórsdóttir matarbloggari.

- Hrærið karrymalk, karrý og tómatur saman við grænmetið ásamt kókosflögum.
- Hellið kókosmjólk og vatni í pottinn og hitið að suðu.
- Smakið súpuna til með grænmetiskrafti, salti og svörtum pipar og látið krauma við vægan hita í 45 mínútur.
- Takið að lokum pottinn af hellunni og makið súpuna með töfrasprota eða í matvinnsluvél.
- Magnið af grænmetiskrafti fer eftir tegund því hann er misjafnlega saltur. Þess vegna hef ég þá þumalputtareglu að setja alltaf kraftinn fyrst og svo saltið.


Grófar speltbollur

5 dl gróft spelt
1 dl fimm korna fræblanda
1½ tsk lyftiduft
1 tsk. sjávarsalt
2 dl AB-mjólk
1½-2 dl heitt vatn

- Blandið spelti, fræblöndu, lyftidufti og sjávarsalti saman í skál og hrærið AB-mjólk og vatn saman við. Mótið í hæfilega stórar bollur og sáldrið fræjum yfir.
- Bakið við 200°C í 20-25 mínútur.
- Deigið á að vera blautt og klístrað þegar bollurnar eru mótaðar.



Þegar ég á ekki AB-mjólk hef ég stundum í hallæri notað hreint skyr eða gríska jógurt.



Í staðinn fyrir að dreifa úr speltbollunum á bökunarplötunni baka ég þær saman í klasa, þannig haldast þær mýkri. Þegar ég á ekki AB-mjólk hef ég stundum í hallæri notað hreint skyr eða gríska jógurt hrísta saman við smá mjólk.

NÝJAR VÖRUR

STÆRÐIR 14-28

Vorum að fá sendingu með fallegum fermingarkjólum og síðkjólum fyrir Árs hátíðina.

Skoðaðu úrvalið á www.curvy.is eða komdu í verslun okkar að Nóatún 17

Sendum frítt um allt land

Afgreiðslutími í verslun okkar að Nóatúni 17

Alla virka daga frá kl: 12-18

Laugardaga frá kl: 12-16

Curvy.is

Sími 581-1552
Nóatún 17, 105 RVK
www.curvy.is



BLUNDAR HÖNNUÐUR Í ÞÉR?

Spennandi fatahönnunarkeppni er fram undan á vegum Trendnets, Coca-Cola Light og Reykjavík Fashion Festival.

„Þetta er fatahönnunarkeppni fyrir alla sem hafa einhvers konar áhuga á fatahönnun og vilja spreya sig. Framleiðsla er svo dýr fyrir hönnuði svo þetta er fínt tækifæri fyrir unga rísandi hönnuði því það er 250 þúsund króna verðlaunafé,“ segir Elísabet Gunnarsdóttir, annar eigandi vefsíðunnar Trendnets.

Keppnin er haldin á vegum Coca-Cola Light í samstarfi við Trendnet og Reykjavík Fashion Festival. Þátttakendur eru hvatt-

ir til þess að senda inn ljósmynd af fullunni fatasetti eða flik á trendlight@vifilfell.is en skráningu til þátttöku lýkur 16. mars.

„Það eru engar reglur en vinningsdressedið verður til sýnis á RFF í Hörpu laugardaginn 29. mars. Dómnefnd skipa aðilar frá Fagræði RFF, Trendneti og Coca-Cola Light svo að þetta er mjög skemmtilegt samstarf,“ segir Elísabet. Þá verða valdir þrjú þátttakendur í undanúrslit og fer hönnun þeirra í netkosningu á samskiptamiðlinum Facebook.

GÆÐAMÁLNING - GOTT VERÐ!

MÚRBÚÐARVERÐ

SPARAÐU!

Kynntu þér verðið á
Deka gæðamálningu
og málningavörum
í Múrbúðinni.

Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 lítrar

1.895



LF Veggspartl
0,5 lítrar

795



Bakki, grind og rúlla

1.190



Málningarfata 12 lítra

490



DekaCryl 7
Innimálning. 10 lítrar

5.995



Málningarlímband
25mmx50m

225



Mako pensill
50mm

225

Áltrappa 3 þrep
þolir 150 kg EN:131

3.990



Mako málaramotta 1x3 metrar

995

Málningarpappi
20mx80cm

695



SMIG Med veggspartl 5 kg.

1.390



Deka Gólfmálning
grá 3 lítrar

4.295



25cm Málningar-
rúlla og grind

720

Framlengingarskaft
fyrir rúllur Tia-EP 1,2 metrar

325

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



...SPJÖRUNUM ÚR

Kamilla Ingibergsdóttir

ALDUR: 34

STARF: Kynningarstjóri Iceland Airwaves

Hvern faðmaðir þú síðast? Hana Evu Einarsdóttur, vinkonu mína og borgarfulltrúa, en ég var ekki búin að hitta hana allt of lengi.

En kysstir? Eva fékk líka koss.

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Agus Makkie, indónesískur blaðamaður, sem hefur komið á Iceland Airwaves síðustu árin og færir mér alltaf gjöf. Á síðustu hátíð gaf hann mér kaffi frá Jövu og hálsklút. Hann er topp næs gaur.

Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi? Ég held að partur af því að eldast og þroskast sé að taka sjálfan sig í sátt og allt sem manni fylgir, bæði galla og kosti.

Ertu hörundsár? Já, þínu.

Dansarðu þegar enginn sér til? Já, ég hugsa að ég dansi meira þegar enginn sér til en þegar einhver sér til.

Hvenær gerðirðu þig síðast að fifli og hvernig? Það sem stendur upp úr er þegar ég hitti Pharrell Williams á SXSW í Texas í fyrra og varð svo „starstruck“ að ég sagði „I'm a huge fan“ þegar ég ætlaði að segiast vera „huge fan“. Ég fer ennþá að hlæja við tilhugsuninni um að hafa sagst vera risastór dós við Pharrell Williams!

Hringirðu stundum í vælubílinn? Ég tárast yfir óþarfa mörgu en ég held að það sé algjör óþarfi að hringja á vælubílinn yfir því.

Tekurðu strætó? Ég tók mikið strætó áður fyrr en á í dag bíl og er líka heppin að búa nálægt vinnu og miðbænum.

Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag? Ég nota samfélagsmiðla mikið í mínu starfi og fel þess vegna óhóflega Facebook-notkun á bak við það.

Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim? Bara þegar ég hitti Pharrell Williams.

Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig? Ég elska ís og hef alltaf pláss fyrir hann. En ég held reyndar að allir vinir mínir viti það.

Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina? Ég ætla alla vegu ekki að ákveða að gera ekki eitthvað og fara síðan á bömmur ef ég geri það.

BLOGGARINN TILNEFND TIL BLOGGVERÐLAUNA Í SVÍPJÓÐ

Victoria Tárnegren

imnext.se/carolineroxy/

<http://instagram.com/victoriatornegren>

victoriatornegren

Victoria Tárnegren hefur skapað sér nafn í bloggheiminum, sérstaklega í heimalandi sínu, Svíþjóð. Hún hefur nú verið tilnefnd til sænsku bloggverðlaunanna, Finest Awards, sem tísku-bloggari ársins. Systir hennar, Alexandra Bring, er einnig tilnefnd fyrir besta æfingablogg ársins. Þó að þú sért ekki fluglæs á sænsku er óþarfi að örvænta því myndirnar hennar einar og sér eru trendí og skemmtilegar.



Pågen

Kanilsnúðar

Það er leikur einn að opna nýju kanilsnúða pokana frá Pågens og enn einfaldara að loka þeim, þannig haldast snúðarnir mjúkir og góðir.



Nú opnum við og lokum að framanverðu.

Pågen
KANILSNÚÐAR

Pågen smásnúðar með dásamlegri kanilfyllingu. Frábærir með kaffinu, í nestisboxið, -eða bara til að nasla á þegar löngunin hellist yfir.

...en munið bara að loka á eftir ykkur

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMI 908 7000

Spámiðlun, tarot, fyrirbæni, algjör trúnaður. Opíð frá 15-22. S. 618 6857

SPÁSÍMI 908-6116

Ástir, fjármál & heilsa.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímaferfi, töfluskípti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu



Þjóðlagagítarpakki kr.23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125, www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



FALLEG KVÖLD- OG MORGUNLJÓŠ

Mikið úrval af fallegum saltkrístalslökkum. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opíð mán-fös: kl 14-18. Sími 517-8060. www.ditto.is



8 FETA BILLIARDBORÐ

Glænýtt billiardborð 8 fet. 24 mm marmaraplata. Svart. Dúkur fylgir með. Kostar nýtt; 850. fæst á hálfvirði. Ármann Sími: 777 2002

Óskast keypt

KAUPI GULL !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

STADGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opíð alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000.

Hljóðfæri

Lítið notað og vel með farið píanó til sölu. Uppl. í s. 899 3133.

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/örorkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

HEILSA

Nudd



VALENTÍNUSARTILBOÐ Á TANTRA NUDDI

20% afsláttur til 1. mars. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

HEIMILIÐ

Dýrahald



20% afsl. af Regal hunda- og kattamat 19.-23. feb.

NYMPHOMANIAC PART 1	KL. 8 - 10:30
INSIDE LLEWYNN DAVIS	KL. 5:40
ROBOCOP	KL. 8 - 10:30
THE BOOK THIEF	KL. 5:25
AUGUST: OSAGE COUNTY	KL. 5:30

Miðasala á: **midí.is** og **eMiði**

Komdu heim klukkan tíu

BAKPANKAR Tæp fjögur ár eru síðan líf mitt breyttist verulega. Stúlka fæddist. Í einu vetfangi breyttist ég úr ábyrgðarlausum djammara á þrítugsaldri í ábyrgðarfullan föður. Vitandi hvað beidi mín var ég ekki lengi að svara því játandi þegar mér bauðst, nokkrum vikum fyrr, að skella mér á pabbanámskeið. Líklega var það frekar skyldurækni en áhugi sem sendi mig á námskeiðið. Markmiðið var að standa sig vel í nýju hlutverki.



EG dró tvo vini á svipuðum stað í lífinu með mér á námskeiðið sem haldið var á vegum heilsugæslunnar í höfuðborginni. Um tuttugu karlmennt voru mættir til að hlýða á sérfræðing í pabbanálmum. Hann bauð okkur velkomna og í hönd fór klukkustund þar sem ég sat í stól mínum og vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið

EF þú segir við konuna þína að þú ætlir að koma heim klukkan tíu, þá kemurðu heim klukkan tíu,“ er boðorð sem er ágætt í sjálfu sér. Óstundvísi er

dónaskapur og ekki vill maður vera dónalegur við nýbakaða móður. Gott og vel.

Í kjölfarið las maðurinn okkur pistilinn varðandi vímuefnanotkun. Kom hann meðal annars inn á þá staðreynd að í kringum 15 prósent karlmanna væru á kafi í dópi. „Og ég veit alveg hverjir þið eruð,“ bætti hann við og horfði yfir herbergið.

PVÍ næst sagði hann mikilvægt að koma sér sem fyrst inn í einhvern pabbaþóp. Konur væru sífellt umkringdar öðrum mæðrum og færu yfir málin. Pabbar þyrftu líka slíkt athvarf. Gott og vel.

EN pabbarinn í hópnum verða að vera úr sömu þjóðfélagsstétt,“ sagði hann. Það gengi auðvitað ekki að smíður og læknir væru saman í hóp. Það væri bara ávísun á vandræði.

AD námskeiðinu loknu stóðum við vinirnir upp, lítum hver á annan en biðum með hláturinn þar til komið var út í bíl. Fjórum árum síðar er mesta furða hve vel upplendið hefur gengið þrátt fyrir námskeiðið.

Leður og lekkerheit

Fjölbreytnin var allsráðandi á rauða dreglinum í gærkvöldi þegar hin árlegu BRIT-verðlaun voru afhent. Stjörnurnar klæddu sig að sjálfsögðu upp á í tilefni kvöldsins en sitt sýnist hverjum um fataval þeirra.



Í PRINCESSULEIK Söngkonan Ellie Goulding klæddist síðkjól frá Vivienne Westwood og var á hælum frá Sergio Rossi.



ÖGRANDI Söngkonan Jessie J vildi greinilega fanga athygli viðstaddra og klæddist djörfum samfestingi frá Julien Macdonald.



Í FJÖTRUM Pussycat Dolls-skvísan Nicole Scherzinger sér svart.



BERT Á MILLI Stjörnuþarnið Peaches Geldof hafði lúkkið einfalt, sem svínvirkaði.



ERU PÁSKARNIR KOMNIR? Söngkonan Rita Ora lét taka eftir sér í fagurgulum kjól frá Prada.



GLITRANDI STJARNA Söngkonan Lily Allen bauð upp á glitrandi síðkjól frá William-Vintage.

→ Sigurvegararnir á BRIT-hátíðinni

- Besti breski nýliðinn: **Bastille**
- Besti breski sóló-kvenlistamaðurinn: **Ellie Goulding**
- Besta hljómsveit: **Arctic Monkeys**
- Besti breski sóló-karllistamaðurinn: **David Bowie**
- Besta breska smáskífan: **Rudimental ft Ella Eyre – Waiting All Night**
- Besta breska myndbandið: **One Direction – Best Song Ever**
- Critics' Choice-verðlaunin: **Sam Smith**
- Besti alþjóðlegi sóló-kvenlistamaðurinn: **Lorde**
- Besta alþjóðlega hljómsveitin: **Daft Punk**
- Besti alþjóðlegi sóló-karllistamaðurinn: **Bruno Mars**
- Alþjóðleg velgengni: **One Direction**
- Breska plata ársins: **Arctic Monkeys**
- Besti framleiðandinn: **Flood & Alan Moulder**

Riddarinn BOLTINN Í BEINNI Gullnáman

Ölstofa - Engihjalla

Hamborgari franskar & bernaíse

Hot wings m. gráðostasósu

Pizza m. skinku og pepperoni

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

MIELE **ÉG UM MIG OG MÖMMU** **HROSS Í OSS**

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Justin Timberlake kemur til Íslands

Eftir marga mánuði af slúðursögum er það loksins staðfest að einn ástsælasti og vinsælasti tónlistarmaður heims í dag, Justin Timberlake, er á leið til Íslands. Um er að ræða stærstu tónleika sem fram hafa farið hér á landi í langan tíma.



STAÐREYNDIR UM JUSTIN TIMBERLAKE

- Justin Timberlake er fæddur í Memphis, Tennessee, í Bandaríkjunum **31. janúar árið 1981**.
- Hann kom fyrst fram í sviðsljósið ellefu ára í sjónvarpsþáttunum Star Search og þar á eftir í þáttunum **The Mickey Mouse Club** en þar kynntist hann væntanlegri kærustu sinni til þriggja ára, **Britney Spears**.
- Timberlake er giftur leikkonunni **Jessica Biel** en þau giftu sig í október árið 2012.
- Árið 1995 varð strákasveitin **"N Sync** til og var Timberlake lykilmáður í þeirri sveit. Súkkulaði-strákarnir hafa selt yfir **50 milljónir plötna** á ferli sínum en þeir lögðu upp laupana árið 2002. Þó komu þeir saman á VMA-hátíðinni í fyrra.
- Justin Timberlake hefur gefið út fjórar breiðskífur: **Justified** árið 2002, **FutureSex/LoveSounds** árið 2006, **The 20/20 Experience** og **The 20/20 Experience – 2 of 2** sem báðar komu út árið 2013.
- Hann hefur unnið til fjölda verðlauna, þar á meðal **nú Grammy-verðlauna** og fernra Emmy-verðlauna.
- Fyrir utan tónlistina hefur **hann leikið í fjölda kvikmynda** en er líklega þekktastur fyrir leik sinn í myndunum The Social Network, Friends With Benefits, Bad Teacher og Love Guru.

→ Svona mun Kórinn líta út þegar Justin Timberlake stígur á svið

UMGJÖRD TÓNLEIKANNA

Eins og sést hér þá verður sviðið þversum, þannig að umgjörðin er nokkuð svipuð og gamla Laugardalshöllin nema talsvert stærri í sniðum. Þá er gólfíð gjaldsvæði og stúkan, sem er beint á móti sviðinu skiptist í tvö gjaldsvæði. Ódýrari sæti á vængjunum og dýrari sæti fyrir miðri stúku.

Kórinn tekur um 19.000 manns en einungis eru 16.000 miðar í boði og ætti því að fara vel um áhorfendur. Þá býr Kórinn yfir einkar öflugum loftræstikerfi svo nóg súrefni verður í boði.

Þrjú bílapiön, á svæði Spretts, við Urðarhvarf og í Víðidal, verða nýtt undir bíla tónleikagesta og verða gestir ferjaddir þaðan á tónleikastaðinn með rútu. Rútur munu ganga stanslaust á tónleikadag á milli bílaplana og tónleikastaðarins.

Peir sem búa skammt frá Kórnum eru hvattir til að ganga á tónleikana. Sér leigubílastöð verður við Kórinn og þá verður sér svæði fyrir reiðhjól við Kórinn.

Aðstandendur tónleikanna fengu umferðarverkfræðinga til að hanna samgönguhætti í kringum tónleikana. Umferðinni verður stjórnað af lögreglu og öðrum gæslumönnum.

Sviðið

STAÐREYNDIR UM TÓNLEIKANA Í KÓRNUM

- Tónleikarnir fara fram sunnudaginn **24. ágúst**, daginn eftir Menningar-nótt.
- Þetta verður í **fyrsta sinn** sem Justin Timberlake kemur fram á Íslandi.
- Tónleikarnir áttu í upphafi að vera í júní en sökum mikillar velgengni var þeim alltaf frestað. Ástæðan er sú að Justin Timberlake **vill enda**

- þennan hluta tónleikaferðalagsins **á Íslandi**.
- Tónleikarnir eru hluti af The 20/20 Experience World Tour en tónleikaferðin hófst **6. nóvember 2013** í New York og heimsækir Timberlake **um 100 tónleikastaði** út um allan heim á ferðalagi sínu.
- **Knattspyrnuhöllin Kórinn** sem

- stendur við Vallakór 12, 203 Kópavogi, mun hýsa þennan stórfenglega viðburð.
- Miðasala hefst fimmtudaginn **6. mars** klukkan 10.00 á Miði.is. en 16.000 miðar verða í boði á þremur verðsvæðum. Miðaverð og fyrirkomulag miðasölu verður tilkynnt í smáatriðum á allra næstu dögum.

- Meðlimir í **The Tennessee Kids** (#TNKids) sem er glænýr aðdáendaklúbbur Justins Timberlake fá tækifæri til að kaupa miða í sérstakri forsólu **þriðjudaginn 4. mars**. Talið er að tvö íslensk fyrirtæki verði með forsólu daginn fyrir almennu miðasölu. Þá er talið að eingöngu verði hægt að kaupa **tíu miða í einu**.



Ford Fiesta.
Beinskiptur frá 2.450.000 kr.
Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í febrúar. Nýttu tækifærið.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílblaðs heims, Auto Express.

Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

„Besti smábíllinn“

INTERNATIONAL engine of the year awards 2013

Ford



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16. Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ekki enn sannfærður? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:

Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO₂ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisþúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km, CO₂ 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km, CO₂ 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

SOCHI 2014 VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR SOCHI 2014

DAGSKRÁ FÖSTUDAGS

- 08.30** Krulla karla, bronsleikur:
09.30 Skíðaat kvenna
12.00 Íshökkí karla, undanúrslit:
 Svíþjóð - Finnland
13.30 Krulla karla, úrslitaleikur:
 Kanada - Bretland (Sport 4)
14.30 4x6km Boðskíðaskotfimi
 kvenna
12.40 Svíg kv.: Fyrri f. (Sport 3)
16.10 Svíg kv.: Seinni f. (Sport 3)
16.25 Skautasprethli. (Sport 5)
17.00 Íshökkí karla, undanúrslit:
 Bandaríkin - Kanada
22.00 Samantekt

60 & 64

Næstsíðasta keppnisgrein Íslendinga á leikumum í Sotsjí fer fram í dag en þá keppa þær Helga María Vilhjálmisdóttir og Erla Ásgeirsdóttir í svigi kvenna. Helga María er með rásnúmer 60 og Erla 64 en fyrri ferðin hefst klukkan 12.45 að íslenskum tíma. Sú síðari hefst klukkan 16.15. Svíg karla fer svo fram á laugar-dagsmorgun en þar á Ísland einnig tvo fulltrúa.

STJÖRNUR DAGSINS

ADELINA SOTNIKOVA LISTHLAUP Á SKAUTUM

Hin sautján ára Adelina Sotnikova varð að þjóðhetju í Rússlandi í gær er hún bar sigur á bítum í listhlaupi kvenna á skautum. Hún fékk 149,95 stig fyrir frjálsu æfingarnar í gær og hafði þar með betur en heims- og Ólympíumeistarinn Yuna Kim frá Suður-Kóreu sem varð að sætta sig við silfur.


Sigurinn var þó nokkuð umdeildur enda æfing Kim einnig glæsilegar. Sotnikovu var þó gríðarlega vel fagnað af heimamönnum í Sotsjí.



JÖRGEN GRAABAK NORRÆN TVÍKEPPNI

Norðmenn urðu í gær fyrsta þjóðin til að vinna tíu gullverðlaun á Vettrarólympíuleikumum í Sotsjí en þeir gerðu það með því að bera sigur úr bítum í liðakeppni norrænu tvíkeppninnar. Lokaspretturinn í seinni greininni, 4x5 km skíðagöngu, var æsispennandi og komu Norðmenn í mark aðeins 0,3 sekúndum á undan sveit Þýskalands.

Jörgen Graabak, sem fór lokasprett Noregs í göngunni, var að vinna sín önnur gullverðlaun á leikumum. Hann vann einnig norrænu tvíkeppnina af hærri stökkpalli.



Hann ætlar sér í NBA

Íslenska körfuboltalandsliðið hefur mögulega ás uppi í erminni því Frank Aron Booker er að slá í gegn með Oklahoma Sooners í bandaríska körfuboltanum. Faðir hans er þriggja stiga skyttan Franc Booker en móðir hans er Þórunn Jónsdóttir.

KÖRFUBOLTI Íslenskir körfuboltaáhugamenn muna vel eftir Franc Booker sem spilaði með ÍR, Val og Grindavík á árunum 1991 til 1995. Booker endurskrifaði ekki aðeins metabók úrvalsdeildar karla í þriggja stiga körfum heldur eignaðist hann einnig son hér á landi með Þórunni Jónsdóttur.

Frank Aron Booker er nú orðinn 19 ára gamall og á fyrsta ári með körfuboltaliði Oklahoma-háskólans í Big 12 deildinni í NCAA. Frank Aron hefur eins og flestir nýliðar þurft að sanna sig fyrir þjálfaraliði skólans en um síðustu helgi sló hann í gegn þegar hann skoraði 15 stig á aðeins 20 mínútum í 77-74 sigri á nágrönnunum í Oklahoma State.

„Hann var rosaflouttur um síðustu helgi,“ sagði móðir hans, Þórunn Jónsdóttir, þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær. Frank Aron er fæddur í júlí 1994 en Þórunn segir hann hafa verið í Bandaríkjunum síðustu átta árin.

„Hann er fæddur hérna og fór til pabba síns öðru hvoru. Svo var hann kominn á fullt í körfuboltanum og varð bara að vera hjá pabba sínum,“ segir Þórunn.

Átta ár síðan hann var á Íslandi

„Það eru að verða átta ár síðan hann var síðast hér á landi. Ég fylgist vel með honum og pabbi hans er duglegur að senda mér úrklippur með honum og fleira slíkt,“ segir Þórunn sem ætlar að fara út til hans í vor.

Frank Aron hitti meðal annars úr 4 af 6 þriggja stiga skotum sínum í leiknum um síðustu helgi og það má segja að eplið hafi ekki fallið langt frá eikinni þegar kemur að hæfileikanum í að smella niður þristum. Frank Aron hefur aðeins spilað 14,1 mínútu í leik í vetur en er engu að síður í 2. sæti yfir flestar þriggja stiga körfur í liðinu (1,3 í leik).

Í einkabjálfun hjá pabba alla ævi

„Hann ætlar að erfa það frá honum. Hann er búinn að vera í einkabjálfun alla ævi. Pabbi hans vinnur við íþróttamiðstöð í Augusta í Georgíu og er búinn að vera að kenna honum síðan hann var fimm ára,“ segir Þórunn.

Hún sér Frank Aron ná langt í boltanum. „Hann ætlar sér í NBA og ekkert minna,“ segir Þórunn stolt en gerir sér grein fyrir því að það þarf margt að gerast til að sá draumur rætist. „Þetta er rosalega skemmtilegt og það er alveg á hreinu að hann á eftir að gera stóra hluti í körfuboltanum,“ segir Þórunn.

Hún rifjar það upp að honum hafi gengið vel í öllum íþróttum þegar hann bjó hjá henni á Selfossi. „Þegar hann var hérna lítill þá æfði hann handbolta og var í öllum íþróttum. Það voru alltaf allir þjálfararnir að tala um að það ætti eftir að verða eitthvað úr þessum því að hann var svo klár í öllum íþróttunum sem hann var í. Hann stóð alltaf upp úr í öllum liðum,“ segir Þórunn.

Duglegur að tala íslensku

Þórunn er alltaf í sambandi við strákinn og passar upp á að hann haldi íslenskunni við. „Ég lét hann halda henni við. Við tölum saman á Skype og hann er voðalega duglegur að tala íslenskuna,“ segir Þórunn en hún saknar stráksins síns. „Ég græt stundum á næturnar yfir að hafa hann ekki hjá mér en ég hugsa fyrst og fremst um framtíð hans,“ segir Þórunn.

Það eru margir stórefnilegir íslenskir körfuboltamenn á sviðum aldri og Frank Aron og svo gæti farið að fjórir strákar spili í bandaríska háskólaboltanum á næsta tímabili. Elvar Már Friðriksson hjá Njarðvík og Gunnar Ólafsson hjá Keflavík hafa báðir fundið sér skóla og Martin Hermannsson hjá KR hefur fengið boð um að koma út að skóla skóla. En sér Þórunn strákinn sinn spila fyrir íslenska landsliðið?

Langar heim til mömmu

„Hann gæti alveg hugsað sér að spila fyrir Ísland því hann langar að koma heim til mömmu. Ég veit það alveg að einhverjir vildu sjá hann spila fyrir landsliðið. Þeir hjá KKÍ eru samt ekki byrjaðir að tala við mig um hann en ég á alveg von á því,“ segir Þórunn.

„Hann er algjör leiðtogi, ánægður með sig og hress og kátur. Hann er líka stærri en pabbi hans,“ segir



SVAKA SKYTTA EINS OG PABBI Frank Aron Booker spilar númer eitt hjá liði Oklahoma Sooners.
 MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

Janúar 1991 – verður hann einhvern tímann toppaður?

Franc Booker spilaði sína fyrstu leiki á Íslandi þegar hann kom til ÍR í janúar 1991. Frammistaða hans fyrsta mánuðinn verður seint toppuð. Franc Booker skoraði fimmtán þriggja stiga körfur í fyrsta leiknum (á móti Njarðvík 8. janúar) og alls 63 þrista í sex leikjum í janúar, eða 10,5 að meðaltali í leik. Hann skoraði fimmtán þriggja stiga körfur í 1. og 3. leik sínum (á móti Snæfelli 17. janúar) á Íslandi og það er enn í dag met yfir flestar þriggja stiga körfur í einum leik í úrvalsdeild karla. Booker skoraði alls 304 stig í þessum sex leikjum ÍR í janúar 1991, eða 50,7 stig að meðaltali í leik. Booker hitti úr 63 af 130 þriggja stiga skotum sínum í þessum sögulega mánuði sem gerir 48 prósentu þriggja stiga skotnýtingu. Hann fékk hins vegar ekki skráða á sig eina stoðsendingu í þessum leikjum.



Þórunn. Markmið stráksins eru alveg á hreinu og hún fylgist stolt með heiman frá Íslandi. „Tárin leka, þetta er svo falllegt. Hann ætlar ekkert annað en á toppinn. Hann er bara þannig karakter,“ segir Þórunn að lokum.

ooj@frettabladid.is

TÉKKLAND
 Birtedagur

SUNNUDAG
 13:00



Í OPINNI
 DAGSKRÁ
 ★★★★★

MÍNSKOÐUN
 MIKAEL TORFASON

13 | Sunnudaga kl. 13:00

Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur

Sérfræðingar þáttarins, vinkonurnar og þingkonurnar Vigdís Hauksdóttir og Katrín Júlíusdóttir, kryfja málefni líðandi stundar og takast á um þjóðfélagsmálin. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra verður aðalgestur þáttarins. Ætlar hann virkilega að afgangspavæða fíkniefnaneyslu? Er hann bjargvættur heilbrigðiskerfisins eða enn einn maðurinn sem setur plástra á vonlaust kerfi?

Fáðu þér áskrift! **365.IS**



Útilegu
maðurinn®

Tjaldvagnaland Seglagerðarinnar sameinast
Útilegumanninum undir nafninu **Útilegumaðurinn**
í glæsilegu húsnæði við
Korputorg



ÆGIR
VAGNINN

TABBERT



ROCKWOOD

WEINBERG

Dethleffs

KNAUS

Þar sem ferðalagið byrjar



KORPUTORG

Korputorg | 112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is



Útilegu
maðurinn®

Opnunartími: mán-fös kl: 10-18 - lau-sun kl: 12-16

Stöð 2 kl. 20.35
Batman and Robin

Litlu munar að illa fari í fjórðu myndinni um Leðurblökumanninn og Robin þegar Mr. Freeze slæst í lið með klækja-kvendinu Poison Ivy og ætlar sér að frysta Gotham-borg og íbúa hennar. Þá skerst Leðurblökustúlkan í leikinn og berst hetjulega gegn illmenninum.


Í KVÖLD

Family Guy

SKJÁR EINN KL. 20.05 Ein þekktasta fjölskylda teiknimyndasögunnar snýr loks aftur á SkjáEinn. Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian búa á Rhode Island og lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.


American Idol

STÖÐ 3 KL. 20.35 Prettánda syrpa þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu.


Gettu betur

SJÓNVARPIÐ KL. 20.10 Spurningakeppni framhaldsskólanna þarf vart að kynna og einkennist hún af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra sem að koma. Ný áhöfn er í brúnni í vetur en það eru þau Björn Bragi Arnarsson, Steinþór Helgi Arnsteins-son og Margrét Erla Maack.

Bylgjan kl. 06.50
Í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eld-snemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.


NÝTT OG FERSKT


Fimmtudaga kl. 21:00

Á BAK VIÐ BORDIN

ADDI INTROBEATS / GUÐNI IMPULSE

Íslenskir tónlistarmenn - upptökugræjur, hljóðfæri og tónlist.

Góð tónlist og flottir þættir


Í opinni dagskrá í sjónvarpinu og í OZ appinu.

 /popptv
#popptv

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.15 Harry's Law
- 11.00 Celebrity Apprentice
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Time Traveler's Wife
- 14.45 The Glee Project
- 15.25 Ærslagangur Kalla kanínu og félaga
- 15.45 Xiaolin Showdown
- 16.10 Waybuloo
- 16.30 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Simpsons
- 19.45 Spurningabomban
- 20.35 Batman and Robin
- 22.40 Son Of No One Spennymynd frá 2011 með Channing Tatum, Al Pacino, Katie Holmes, Ray Liotta og Juliette Binoche í aðalhlutverkum.
- 00.10 Staten Island
- 01.45 Happy Tears
- 03.20 Time Traveler's Wife
- 05.05 The Simpsons
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 09.30 Skíðaát kvenna Bein útsending
- 11.00 ÓL 2014 - samantekt
- 11.30 Spænsku mörkin 2013/14
- 12.00 Undanúrslit Bein útsending
- 14.30 4x6 km boð-skíðaskotfimi kvenna Bein útsending
- 16.30 ÓL 2014 - samantekt
- 17.00 Undanúrslit Bein útsending
- 19.30 Njarðvík Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
- 20.00 La Liga Report
- 20.30 Meistaradeild Evrópu - fréttá-þáttur
- 21.00 Evrópu deildarmörkin 2013/2014
- 22.00 ÓL 2014 - samantekt
- 22.30 Njarðvík Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
- 23.00 NBA 2013/2014 - All Star Game
- 00.25 Meistaradeild Evrópu. Arsenal - Bayern München

SPORT 2 enski boltinn

- 14.25 Arsenal - Man. Utd.
- 16.05 Sunderland - Hull
- 17.45 Premier League World
- 18.15 Arsenal - Norwich
- 20.00 Match Pack
- 20.30 Enska úrvalsdeildin - upphitun
- 21.00 Manstu Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar.
- 21.50 Football League Show 2013/14
- 22.20 Chelsea - Newcastle



20.00 Hrafnþing 21.00 Tíska.is 21.30 Eldað með Holta

STÖÐ 3

- 17.00 Jamie and Jimmy' Food Fight Club
- 17.50 Raising Hope
- 18.15 Don't Trust the B*** in Apt 23
- 18.40 Cougar town 4
- 19.00 H8R
- 19.40 How To Make It in America
- 20.10 Super Fun Night (16:17)
- 20.35 American Idol (13:37)
- 21.20 Grimm (15:22)
- 22.05 Luck (4:9)
- 22.55 Revolution (18:20)
- 23.40 Dark Blue
- 00.25 H8R
- 01.10 How To Make It in America
- 01.40 Super Fun Night
- 02.05 American Idol
- 02.50 Grimm
- 03.35 Luck
- 04.25 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Dóra könnuður 07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 07.46 Dóddi litli og Eyrnastór 08.00 Áfram Diego, áfram! 08.24 Svampur Sveins 08.50 Gulla og grænjaxlarnir 09.00 Ofurhundurinn Krypto 09.25 Brunabíllarnir 09.47 Ávaxtakarfan 10.00 Ljótí andarunginn og ég 10.23 Hello Kitty 10.34 Ævintýraferðin 10.47 UKI 10.52 Tommi og Jenni 11.00 Dóra könnuður 11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 11.46 Dóddi litli og Eyrnastór 12.00 Áfram Diego, áfram! 12.24 Svampur Sveins 12.50 Gulla og grænjaxlarnir 13.00 Ofurhundurinn Krypto 13.25 Brunabíllarnir 13.47 Ávaxtakarfan 14.00 Ljótí andarunginn og ég 14.25 Hello Kitty 14.34 Ævintýraferðin 14.47 UKI 14.52 Tommi og Jenni 15.00 Dóra könnuður 15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 15.46 Dóddi litli og Eyrnastór 16.00 Áfram Diego, áfram! 16.24 Svampur Sveins 16.50 Gulla og grænjaxlarnir 17.00 Ofurhundurinn Krypto 17.25 Brunabíllarnir 17.47 Ávaxtakarfan 18.00 Ljótí andarunginn og ég 18.25 Hello Kitty 18.34 Ævintýraferðin 18.47 UKI 18.52 Tommi og Jenni 19.00 Algjör Sveppur - Dagur í lífi stráks 20.40 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.50 Strákarnir
- 18.15 Friends
- 18.40 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (4:16)
- 20.00 Grey's Anatomy (6:24)
- 20.45 Það var lagið
- 21.45 It's Always Sunny In Philadelphia (14:15) Þriðja syrpa þessarar skemmtilegu gamanþáttaraðar sem fjallar um fjóra vini sem reka saman bar en eru alltof sjálfumgláðir til að geta unnið saman án þess að til áreksra komi, upp á hvern einasta dag.
- 22.10 Twenty Four (19:24) Jack og Mason keyra til Saugus til að rannsaka vísbendingar Morgans, Kim situr föst í miðjum dópviðskiptum og Palmer leysir frá skjóðunni á blaðamannafundi.
- 22.55 Footballer's Wives
- 23.45 The Practice
- 00.30 Það var lagið
- 01.30 It's Always Sunny In Philadelphia
- 01.55 Twenty Four
- 02.40 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 10.30 Love Happens
- 12.20 Trouble With the Curve
- 14.10 Philadelphia
- 16.15 Love Happens
- 18.05 Trouble With the Curve
- 19.55 Philadelphia
- 23.40 Alex Cross
- 01.20 Conan The Barbarian

RÚV

- 09.25 Vetrarólympíuleikar - Skíðaát Bein útsending
- 12.40 Vetrarólympíuleikar - Alpa-græinar Bein útsending
- 14.20 Vetrarólympíuleikar - Skíða-skotfimi Bein útsending
- 16.10 Vetrarólympíuleikar - Alpa-græinar Bein útsending
- 17.30 Litli prinsinn
- 17.52 Hið mikla Bé
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Nigellissima
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Njósni (5:10) (Spy II) Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósni hjá MI5 og togstreitu hans milli njósnastarfs og einkalífs.
- 20.10 Gettu betur (4:7) Spurningakeppni framhaldsskólanna þarf vart að kynna og einkennist hún af stemningu, spennu og virkri þátttöku allra sem að koma. Ný áhöfn er í brúnni í vetur en það eru þau Björn Bragi Arnarsson, Steinþór Helgi Arnsteins-son og Margrét Erla Maack.
- 21.15 Barnaby ræður gátuna - í djörfum leik (Midsomer Murders) Íþróttamaður í þorpinu vinnur til verðlauna í New York og kemur þar með óvæntu róti á samfélagið heima fyrir. Barnaby rannsóknarlögreglumaður sogast inn í atburðarásina á óvenjulegan hátt.
- 22.45 Stjúpaðirinn (The Stepfather) Þegar Michael snýr aftur úr herskóla er móðir hans komin í sambúð með kærastanum. Eftir því sem mennirnir kynnast betur, fer Michael að gruna að nýi sambylismaðurinn sé ekki allur þar sem hann er séður.
- 00.25 Hausaveiðarar (Hodejegerne)
- 02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

RÚV ÍÞRÓTTIR

- 12.00 VÓ Íshokki B 17.00 VÓ Íshokki B 19.45 VÓ Skautaat

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.30 Dr. Phil
- 09.10 Pepsi MAX tónlist
- 16.10 Svali&Svavar
- 16.50 The Biggest Loser - Ísland
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 Minute To Win It
- 19.15 The Millers (7:22)
- 19.40 America's Funniest Home Videos (19:44)
- 20.05 Family Guy (17:21)
- 20.30 Got to Dance (7:20)
- 21.20 90210 (7:22)
- 22.00 Friday Night Lights (6:13) Vönduð þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fót-boltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.
- 22.40 The Tonight Show Spjallþáttasníllingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu The Tonight Show sem áhorfendur SkjásEins þekkja frá fyrri tíð.
- 23.25 Saving Private Ryan
- 02.15 The Good Wife
- 03.05 In Plain Sight
- 03.50 Ringer
- 04.30 Beauty and the Beast
- 05.10 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 World Golf Championship 201 13.00 Golfing World 2014 13.50 Inside The PGA Tour 2014 14.15 Champions Tour 2014 - High 15.10 2008 Augusta Masters 18.10 Golfing World 2014 19.00 World Golf Championship 2014 23.00 Golfing World 2014

- | | | | | |
|-------------------------|----------------------------|-----------------------------|----------------------------|------------------------------|
| ÚTVARP | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útv. Latibær |
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 Kaninn | FM 105,5 Útvarp Boðun |

Yuasa rafgeymar

Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum



Við bjóðum fría prófun á rafgeymum



Nesdekk-Grandi Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík Sími 561 4110	Pústþjónusta BJB Flatahraun 7 · 220 Hafnarfjörður Sími 5651090	Bifreiðaverkstæði Blönduós Efstubraut 2 · 540 Blönduós Sími 452 2600
Smurstöðin Klöpp Vegmúli 4 · 108 Reykjavík Sími 553 0440 · www.smurklopp.is	Smur 54 Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður Sími 555 0330	N1 Píparinn Efstubraut 2 · 540 Blönduós Sími 868 6066
Múlaradio ehf. Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík Sími 554 1540	Laghentir ehf. Iðjustígur 1c · 230 Keflavík Sími 456 7600	Pardus Suðurbraut · 565 Hofsóss Sími 453 7380
Bifreiðaverkstæði Svans ehf. Eirhöfða 11 · 110 Keflavík Sími 616 2333	Skipting Grófinni 19 · 230 Keflavík Sími 421 3773	Bás Ránargata 14 · 580 Siglufjörður Sími 467 1860
Smur- og Viðgerðarþjónustan Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík Sími 567 9555 · www.smurogvidgerd.is	Vélsmiðja Grindavíkur Seljabót 3 · 240 Grindavík Sími 426 8540	Bílatorg Akureyri Dalsbraut 1 · 600 Akureyri Sími 464 2121
Málningarverk Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík Sími 554 4550	Bifreiðaverkstæði Þóris Hafnarbraut 12 · 260 Njarðvík Sími 421 4620	Múlatindur Múlavegur 13 · 625 Ólafsfjörður Sími 466 2194
Bílson Klettháls 9 · 110 Reykjavík Sími 568 1090	Bílver Innnesvegi 1 · 300 Akranesi Sími 431 1985	Bílaþjónustan Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík Sími 464 1122
Bifreiðaverkstæði Einars Þórs Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík Sími 567 0080	Bifreiðarþjónusta Harðar Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes Sími 437 1192	Bílaeiga Húsavíkur Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík Sími 464 1888
Gúmmisteypan ehf. Gylfahlöt 3 · 112 Reykjavík Sími 567 4468	Vélabær Bæ · 311 Andarkilshreppur Sími 435 1252	Bílaþjónusta Péturs Vallholti 17 · 800 Selfoss Sími 482 2050
Samtind-Bílstál Askalind 3 · 200 Kópavogur Sími 564 4632	Kristinn Reynisson Nýjibær Bæjarsveit · 311 Borgarnes Sími 435 1232	Bifreiðaverkstæðið Klettur Hrismýri 3 · 800 Selfoss Sími 482 2050
Bifreiðaverkstæðið Toppur Skemmuvegur 34 · 200 Kópavogur Sími 557 9711	KVH Strandgata 1 · 530 Hvammstangi Sími 455 2300	
Knastás Skemmuvegur 4 · 200 Kópavogur Sími 557 7840	Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar Búlandi 1 · 530 Hvammstangi Sími 451 2514	



Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

BESTI BITINN



„Besti bitinn í bænum er pönnukaka með rjóma og rabarbarasultu á tíu dropum! Nom, nom, nom.“

Nanna Árnadóttir rithöfundur

Hlustendaverðlaunin afhent í fyrsta sinn

Útvarpsstöðvar sameinast um að halda veglega tónlistarverðlaunahátíð sem fer fram í Háskólabíói.

„Við ákváðum að slá saman í eina stóra tónlistarverðlaunahátíð því þá nær hún til fleira fólks,“ segir Jóhann Örn Ólafsson, verkefnastjóri Hlustendaverðlaunanna, en fyrsta Hlustendaverðlaunahátíðin fer fram þann 21. mars næstkomandi.

Um er að ræða verðlaunahátíð þar sem hlustendur Bylgjunnar, FM957 og X-ins 977 fá að skera úr um hverjir vinna verðlaunin. „Við erum ekki með neinar nefndir eða sérfræðinga til að velja sigurvegarana því hlustendur útvarps-

stöðvanna fá að kjósa þá,“ útskýrir Jóhann. Kosning er hafin á vefsíðum útvarpsstöðvanna.

Útvarpsstöðvarnar FM957 og X-ið 977 hafa báðar haldið hlustendaverðlaunahátíðir en aldrei jafn stórar í sniðum og hátíðina í mars. „Bylgjan hefur aldrei gert þetta áður og því kjörið að gera þetta saman.“

Sveppi og Saga Garðarsdóttir verða kynnar á hátíðinni en hún fer fram í Háskólabíói 21. mars. „Stöð 2 ætlar að vera með beina sjónvarpsútsendingu frá hátíðinni.“

- glp

FLOKKARNIR

- Söngvari ársins
- Söngkona ársins
- Flytjandi ársins
- Lag ársins
- Plata ársins
- Nýliði ársins
- Myndband ársins
- Erlent lag ársins



KYNNIR KVÖLDSINS Saga Garðarsdóttir og Sveppi verða kynnar kvöldins.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

SANNLEIKURINN Í MÁLI HARRYS QUEBERT EFTIR JOËL DICKER

MÆLI EINDREGIÐ MEÐ HENNI

Stöðugar vendingar!
Síðustu 100 síðurnar
eru rosalegar!

— KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI



HEFUR SELST Í YFIR TVEIMUR MILLJÖNUM EINTAKA



JOËL DICKER

SANNLEIKURINN UM MÁL HARRYS QUEBERT



1. SÆTI

METSÖLULISTI EYMUSSON
13.02.14 til 19.02.14

bjartur

„Hrikalega skemmtileg lesning. Fyrir alla.“

EGILL HELGASON, KILJUNNI

„Þú getur ekki hætt“

ELLE

Fríðrik Rafnsson íslenskaði.

BJARTUR



ÁHRIFAMIKIÐ Krakkarnir sem tóku þátt í auglýsingunni voru þrjátíu talsins og stóðu sig eins og hetjur í miklum kulda og roki í Grindavík.

MYNDR/GASSI

Settu upp flóttamanna- búðir í Grindavík

Unicef fékk þrjátíu íslenska krakka til að setja sig í spor flóttamanna í nýrri auglýsingaherferð sem varpar ljósi á ömurlegt hlutskipti flóttamanna í heiminum. Verkefnið var umfangsmikið og allir gáfu vinnu sína.

„Tökurnar gengu eins og í sögu. Það var kalt úti og rok en krakkarnir stóðu sig alveg ótrúlega vel,“ segir Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi Unicef á Íslandi, en samtökin voru að ljúka við að vinna umfangsmikla auglýsingaherferð til að vekja athygli á ömurlegu hlutskipti flóttamanna í heiminum.

Unicef, í samvinnu við Íslensku auglýsingastofuna og True North, sáu um verkefnið en um 80 manns komu að verkefninu í sjálfboðavinnu. Kvikmyndatökufólk, leikmyndahönnuðir, búningahönnuðir og tæknimenn gáfu vinnu sína, auk þess að lána kvikmyndatökubúnað.

Auglýsingin markar upphaf að átaki Unicef sem miðar að því að vekja athygli á ömurlegum aðstæðum flóttabarna víða um heim. Til að skapa réttar aðstæður voru flóttamannabúðir settar upp við Sólbrekku við Grindavík.

Sigríður segir að skemmtileg stemning hafi myndast í hópnum á tókudegi og að andrúmsloftið hafi verið jákvætt þrátt fyrir kuldan. „Allir voru þarna til að leggja góðu málefni lið og samhugurinn var mikill. Ungmennaráð Unicef tók að sér að hlýja litlu leikurunum og láta þá fá teppi og kuldagalla á milli taka,“ segir Sigríður og bætir við að þetta hafi verið mikil lífsreynsla fyrir krakkana sem tóku þátt.

„Við fréttum til dæmis af því að einn fimm ára snáðinn hefði nefnt það við foreldra sína þegar hann kom heim um kvöldið hvað hann væri þakklátur fyrir að eiga heimili.“

Leikarinn Ólafur Darri sá um að talsetja auglýsinguna, Emilíana Torrini útsetti og syngur lagið sem hljómar undir og ljósmyndarinn Gassi tók myndirnar sem eru óneitanlega áhrifa- ríkar. alfrun@frettabladid.is



SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR



Við fréttum til dæmis af því að einn fimm ára snáðinn hefði nefnt það við foreldra sína þegar hann kom heim um kvöldið hvað hann væri þakklátur fyrir að eiga heimili.



MYNDR/GASSI

LAGERSALA

Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR



BERJAST -40%
Barnadúnúlpa.
Verð: 23.994 kr.
~~Verð 39.990 kr.~~



HARKA -50%
Dömuúlpa, flísfóðruð.
Verð: 24.995 kr.
~~Verð: 49.990 kr.~~



GOLA -80%
Herra flíspeysa.
Verð 4.998 kr.
~~Verð 24.990 kr.~~



LEIKA -40%
Barna útigalli.
Verð 13.794 kr.
~~Verð 22.990 kr.~~



STILLA -60%
Dömu bómullarpeysa.
Verð: 5.596 kr.
~~Verð: 13.990 kr.~~



SKJÓL -50%
Herra super stretch peysa.
Verð 7.995 kr.
~~Verð 15.990 kr.~~

NÝTT KORTATÍMABÍL

OPNUNARTÍMI

Virka daga kl. 12:00 - 18:00
Laugardaga kl. 11:00 - 17:00
Sunnudaga kl. 13:00 - 17:00

FACTORY STORE Nýbýlavegur 6 - 200 Kópavogur - s: 412 5869

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð



Lifðu

ZO·ON
ICELAND

www.zo-on.is



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslendingar óðir í Justin

Mikill fjöldi aðdáenda **Justins Timberlake** á Íslandi skræði sig í erlenda aðdáendaklúbb kappans í gær. Þar með geta þeir keypt miða á tónleika hans í Kórnum 24. ágúst í forsölu tveimur dögum á undan öðrum tónleikagestum. Koma popparans til landsins hefur vakið mikla athygli á meðal fjölmargra aðdáenda hans. Á opinberri Facebook-síðu hans hafði í gærkvöldi tæplega þrjú þúsund manns líkað við stöðuuppfærslu um að hann ætlaði að stíga á svið í Reykjavík í fyrsta sinn. Þar var kvenþjóðin í meirihluta, sem kemur ekki á óvart enda **Timberlake** bæði sjóðheitur tónlistarmaður og leikari.



- fb

Reffilegur í Jör

Tónlistarmaðurinn **John Grant** lét sig ekki vanta á Brit-verðlaunin sem fóru fram í London á miðvikudagskvöldið. Grant var tilnefndur í flokknum alþjóðlegur tónlistarmaður ársins og var fagmennskan fram í fingurgóma er hann stillti sér upp fyrir ljósmyndara á rauða dreglinum. Tónlistarmaðurinn klæddi sig upp fyrir tilefnið og fatahönundurinn Guðmundur Jörundsson sá til þess að Grant bar af á rauða dreglinum klæddur í svart/hvít-röndótt jakka-föt frá merki Guðmundar, Jör.



- ap

Mest lesið **vísir**

- Justin Timberlake heldur tónleika á Íslandi í sumar
- Ósvífinn Gísli Marteins
- „Furðulegasta viðtal sem ég hef farið í“
- Mörður afhenti lögreglu minnisblaðið
- Bein útsending frá ÓL 2014 | Dagur 13

GÆÐI Á BETRA VERÐI Í DORMA!

FLORIDA hornsófi með tungu

Stærð: 250 x 200 x 90 cm H: 70 cm.
 Stærð XL: 320 x 200 x 90 cm H: 70 cm.
 Slitsterkt ljós- og dökkgrátt áklæði.

FLORIDA TUNGUSÓFI
179.900
 DORMA-VERÐ

FLORIDA XL TUNGUSÓFI
219.900
 DORMA-VERÐ

Nature's Comfort heilsurúm

120X200 HEILSURÚM
119.900
 Dýna, botn og lappir

140X200 HEILSURÚM
138.900
 Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

- Heilsu- og hægindalag í yfirflánu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir
- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn

Nature's Rest heilsurúm

120X200 HEILSURÚM
79.900
 Dýna, botn og lappir

140X200 HEILSURÚM
92.900
 Dýna, botn og lappir

Nature's Bedding

- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

C&J stillanlegt heilsurúm með Shape dýnu

Charlotte S Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvöfalt stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

2X90X200 STILLANLEGT
466.800
 Dýnur, botn og lappir

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Shape heilsurúm

160X200 HEILSURÚM
167.900
 Dýna, botn og lappir

180X200 HEILSURÚM
184.900
 Dýna, botn og lappir

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberann þinn** í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
 ...góðar fréttir fyrir umhverfið

EASY hægindastóll

EASY HÆGINDASTÓLL
69.900
 Fullt verð kr. 89.900

AFTON hægindastóll

AFTON HÆGINDASTÓLL
69.900
 Fullt verð kr. 99.900

DORMA

– býður góða nótt

Fæst í ljósu, bránu og svörtu bundnu leðri. Stöðugir fætur.

Stillanlegt bak. Vandað mjúkt leður. Stöðugir fætur.